ÁRSÞING

Íþróttabandalags Vestmannaeyja

30. maí 2013

Íþróttamaður Vestmannaeyja 2012
Elísa Viðarsdóttir

Hallgrímur Þórðarson
badmintomaður ársins 2012

Guðmundur Ásgeirsson
körfuboltamaður ársins 2012

Verkefni ársþings Íþróttabandalags Vestmannaeyja 30. maí 2013

Verkefni ársþingsins eru:

1. Þingsetning
2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar
3. Kosning fyrsta og annars þingforseta og tveggja ritara
4. Skýrsla stjórnar og umræður
5. Reikningar stjórnar, umræður og atkvæðagreiðsla
6. Skýrslur félaga, umræður og atkvæðagreiðsla
7. Ræddar lagabreytingar, ef fyrir liggja
8. Ræddar tillögur er fyrir liggja
9. Kosnar fjórar þingnefndir: Fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd, íþróttanefnd og kjörnefnd. Eru fimm menn í hverri þeirra.
10. Lagðar fram uppástungur um formann ÍBV fyrir næsta ár.

Þinghlé

11. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla
12. Kosning fulltrúa á íþróttaþing ÍSÍ.
13. a) Kosinn formaður ÍBV
    b) Kosin stjórn ÍBV
    c) Kosnir tveir skoðunarmenn ársreikninga og tveir til vara
    d) Kosið í aganefnd, laganefnd og aðrar nefndir ef tillögur hafa borist,
    Valnefnd skal skipuð einum fulltrúa frá hverju aðildarfélagi Í.B.V. og formanni Íþróttabandalags Vestmannaeyja, sem skal vera formaður nefndarinnar og kalla valnefnd saman til fundar.
14. Ýmis mál
15. Þingslit

Ársskýrsla Íþróttabandalags Vestmannaeyja starfsárið 2012

Ársþing Íþróttabandalags Vestmannaeyja var haldið í Týrsheimilinu 9. maí. 2012. Á þinginu var Þór Í.Vilhjálmsson endurkjörinn formaður fyrir næsta starfsár og aðrir í stjórn kjörin, en þau eru Leifur Gunnarsson varaformaður , Gísli Valtýrsson gjaldkeri , Arndís Sigurðardóttir ritari og Birgir Guðjónsson meðstjórnandi.

Góður gestur mætti til þinghalds en það var Ingibjörg Bergrós Jóhannsdóttir stjórnarmaður í Íþrótta og Ólympíusambands Íslands.

Starf íþróttahreyfingarinnar í Vestmannaeyjum var kröftugt sem fyrr og mörg góð afrek unnin.Meistaraflokkur karla í knattspyrnu var mjög í sviðljósinu og náði frábærum árangri og er búinn að festa sig í sessi sem eitt af bestu knattspyrnu liðum landsins. Og meistaraflokkur kvenna stóð sig mjög vel í úrvalsdeildinni og verður spennandi að fylgjast með þessum liðum í sumar. Þá stóð meistaraflokkur kvenna í handknattleik sig vel en hann lék til úrslita í bikarkeppnin en tapaði þar fyrir Val sem er besta lið landsins eins komust þær í úrslitakeppnina í deildina en töpuðu þar í fjögurra liða úrslitum fyrir Fram. Meistaraflokkur karla og kvenna í handknattleik náðu góðum árangri og vann karlaflokkurinn sér sæti í úrvalsdeidinni.

Þor Vilhjálmsson formaður bandalagsins

Þá hefur verið mikill kraftur í starfi yngri flokka hjá Í.B.V –íþróttafélagi. Tókst Pæjumótið og Shellmótin í knattspyrnu vel og voru fjölmenn og hefur Pæjumótið farið stækkandi eftir lægð seinni ára.

Þjóðhátið Vestmannaeyja heppnaðist mjög vel og var hún haldinn við ágæt skilyrði þó hún hafi ekki náð sömu stærð og hátíðin á undan en það hljóta alltaf að skiptast á skin og skúrir í stærð Þjóðhátíðar. Svo hefur alltaf verið og svo mun alltaf verða.

Þá var Þrettándagleðin geysifjölmenn en það virðist gefa góða raun að halda hana um helgi en fyrir bragðið kemur fjöldi gesta af fastalandinu til Eyja.

Þá er rétt að geta að Í.B.V –Íþróttafélag hefur í samvinnu við bæjaryfirvöld og Framhaldsskólann og grunnskólann sett á stofn íþróttaakademíu sem hefur þegar sannað sig og hefur margt efnilegt íþróttafólk stundað nám þar og höfum við í íþróttahreyfingunn miklar væntingar til starfsemi þessa hennar.

Ágætur kraftur hefur verið í starfsemi Körfuknattleiksfélagi Í.B.V. og eru þeir með metnaðarfullar hugmyndir um að efla starfið enn meira.

Hjá sundfólkinu hefur og árið verið öflugt og hefur vel verið tekið til höndunum í fjármálum félagsins svo að félagið er að skila tekjuafangi annað árið í röð.

Fimleikafélagið Rán er með mjög mikla starfsemi og eru fimleikar orðnar ein að stærstu íþróttagreinunum í Eyjum.

Íþróttafélagið Ægir hefur verið áberandi og hefur verið að kynna starfsemi sína með ýmsum nýjungum.

Badmintonfélag Vestmannaeyja hefur verið að eflast mjög eftir að það var endurvakið aftur og er iðkendahópurinn alltaf að stækka.

Golfklúbbur Vestmannaeyja var sem áður með öfluga starfsemi og nú nýverið var hafin bygging á æfingaaðstöðu og gefur þá aðstaða Golfklúbbs Vestmannaeyja ekkert eftir aðstöðunni hjá stærstu klúbbum landsins.

Framherjar Smástund hefur verið með öflugt starf og hefur góð samvinna þeirra við knattspyrnudeild Í.B.V.-íþróttafélags gefið mjög góða raun og vakið athygli og gert

það að verkum að leikmenn sem hafa ekki komist að tímabundið hjá meistarafflokki hafa æft og keppt með Framherjum Smástund og þar af leiðandi öðlast mikilvæga reynslu sem hefur skipt miklu máli.

Að venju var haldið veglegt hóf í íþróttahúsinu í janúar þar sem val á Íþróttamanni Vestmannaeyja var tilkynt. Þá útnefndi hvert aðildarfélag Í.B.V. íþróttamann sinn. Þá komu fulltrúar frá bæjarfélaginu og heiðruðu þau stóran hóp íþróttafólks sem hafði á árinu leikið með landsliðum Íslands.

Mjög ánægulegt er hvað athöfnin er vel sótt. Íþróttamaður Vestmannaeyja árið 2012 var valinn Elísa Viðarsdóttir knattspyrnukona. Þá var Gunnar Karl Haraldsson valinn íþróttamaður æskunnar. Þorvarður Þorvaldsson fékk sértaka heiðursviðurkenningu fyrir mikið og gott starf í þágu íþróttahreyfingunnar í Vestmannaeyjum í áratugi.

Sú breyting varð gerð með afhendingu afreks- og rekstrarstyrkja að nú er það í höndum stjórnar Íþróttabandalags Vestmannaeyja að annast þau mál og var stuðst við óbreyttar reglur. Á formannafundi síðastliðið haust voru lagðar fram til kynningar hugmyndir á breytingum á þessum úthlutunarreglum og verða þær teknar til umræðu á væntalegu ársþingi.

Ferðasjóður fyrir íþróttahreyfingun hefur sannað gildi sitt og skiptir íþróttastarfið í Eyjum miklu máli og eru nú veittar um 60 miljónir, en Eyjamenn eru í hópi stærstu styrkþega úr honum. Ég hvet alla sem vettlingi geta valdið til að beyta áhrifum sínum til að ferðasjóðurinn verði áfram starfræktur og ekki verði skorið niður fé til hans.

Miklar umræður hafa verið um langt skeið um byggingu stúku við Hásteinsvöll og er ljóst að við fengjum ekki keppnisleyfi á honum árið 2012 nema unnið hafi verið að úrbætum í því efni. Það er ánægjulegt að þetta mál er nú loksins í höfn og við farið að nota stúkuna.

Starf stjórnar Í.B.V. hefur verið með hefðbundnum hætti þetta starfsár, stjórnarfundir verið haldnir nánast einu sinni í mánuði eins og lög segja til um og oftar ef þurft hefur.

Stjórn Íþróttabandalags Vestmannaeyja vill þakka aðildafélögum samstarfið á árinu og einnig stuðningsmönnum og styrktaraðilum veittan stuðning.

f.h Íþróttabandalags Vestmannaeyja
Þór Í.Vilhjálmsson, formaður

Rekstrarstyrkir og afreksstyrkir v/2012

Heildarúthlutun Vestmannaeyjabæjar árið 2012 kr. 5.396.000
Sömu úthlutunarreglur til aðildarfélaga bandalagsins gilda og árið áður

Rekstrarstyrkir:

Heildarfj.	Iðkendur	ÍBV íþr.fél.	Golfklúbbur	Rán	ÍBV frjálsar	Ægir	ÍBV sund	ÍBV karfa	Tennis- & badm.
Iðkendur	úthlutun	Iðkendur	Iðkendur	Iðkendur	Iðkendur	Iðkendur	Iðkendur	Iðkendur	Iðkendur
1.272	100%	586	201	210	67	50	59	42	57
	100%	46,07%	15,80%	16,51%	5,27%	3,93%	4,64%	3,30%	4,48%
3.826.000	**3.826.000**	**1.762.607**	**604.580**	**631.651**	**201.527**	**150.393**	**177.464**	**126.330**	**171.448**

Afreksstyrkir:

ÍBV íþróttafélag:

Ísl.meistari kvenna í Futsal	450.000
Ísl.meistari karla í Futsal	450.000
Evrópukeppni mfl.karla	350.000
Ferðastyrkir landsliðsfólks	320.000
Samtals	**1.570.000**

Rekstrar- og efnahagsreikningur Íþróttabandalags Vestmannaeyja 1. jan. 2012 - 31. des. 2012

Rekstrarreikningur 31. desember 2012

Tekjur:	
Hlutur Íþróttabandalagsins í lottotekjum ársins 2012	2.632.017
Útbreiðslustyrkur	266.335
Ísl.getraunir	888.505
Vextir	28.247
Styrkir frá Vestmannaeyjabæ	5.396.000
Aðrar tekur	121.849
Tekjur samtals	**9.332.953**
Gjöld:	
Hlutur aðildarfélaga Íþróttabandalagsins í lottotekjum Vestm.eyja	2.368.815
Styrkir til aðildafélaga bandalagsins	5.396.000
Hóf v/Íþróttamanns ársins	406.001
Ferða- og þingkostnaður	174.090
Fjármagnstekjuskattur	5.645
Gjafir og styrkir	1.181.900
Heimasíða Íþróttabandalags Vestmannaeyja	91.570
Ýmislegt	73.206
Gjöld samtals	**9.697.227**
Tap ársins	***-364.274***

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

Eignir:	
Ávísanareikningur nr. 379 í Sparisjóði Vestmannaeyja 31.12.2012	9
SP reikningur í Sparisjóði Vestmannaeyja nr. 250280 31.12.2012	239.147
Útistandandi skuld ÍBV íþróttafélags	1.000.000
Óinnkomnar tekjur v/lottos ársins 2012	188.823
Óinnkomnar aðrar tekjur (Vestmannaeyjabær)	5.396.000
Samtals	**6.823.979**
Skuldir og eigið fé:	
Ógreitt lotto til aðildarfélaga Íþróttabandalagsins	172.197
Ógreiddir styrkir til aðildarfélaga bandalagsins	5.396.000
Ógreiddir reikningar v/ársins 2012	78.305
Skuldir samtals	**5.646.502**
Eigið fé í ársbyrjun 2012	1.541.751
Tap ársins 2012	-364.274
Höfuðstóll 31. desember 2012	**1.177.477**
Skuldir og eigið fé samtals	**6.823.979**

Við undirritað skoðunarmenn ÍBV höfum yfirfarið reikninga félagsins og ekkert fundið athugavert. Guðmi Sigurðsson
Ólafía Kristinsd.

Lottogreiðslur 2012

1. júní 2004 tók gildi ný úthlutunarregla: Íþróttabandalagið fær 10% af óskiptu lottói, 30% skiptast jafnt milli aðildarfélaganna (ÍBV 4 deildir) og 60% fara til félaganna í samræmi við fjölda iðkenda 18 ára og yngri - Hvert aðildarfélag þarf að hafa verið 3 ár í Íþróttabandalaginu til að eiga rétt á úthlutun
Íþróttafélagið Ægir fái úthlutað miðað við 50 iðkendur ár hvert, - ekki miðað við raun-iðkendafjölda

Iðkendafjöldi barna og unglinga, 18 ára og yngri, innan Íþróttabandalags Vestmannaeyja

						ÍBV íþr.fél.	Golfkl.	Rán	Óðinn	Ægir	Sundfél.	Í.V	KFS	Samtals
						0-5 ára **0**	0-5 ára **0**	0-5 ára **0**	0-5 ára **0**	0-5 ára **0**	0-5 ára **0**	0-5 ára **0**	0-5 ára **0**	0-5 ára **0**
						3-18 ára **499**	3-18 ára **153**	3-18 ára **213**	3-18 ára **100**	3-18 ára **15**	3-18 ára **70**	3-18 ára	6-18 ára **0**	6-18 ára **1.050**
						47,52%	**14,57%**	**20,29%**	**9,52%**	**1,43%**	**6,67%**	**0,00%**	**0,00%**	**100,00%**
	Heildargr. ISÍ til ÍBV	**Hlutur Héraðssamb.**	**Jöfn úthlutun**	**Skipting iðkendafj.**	**Iðk.alls 1127**	Alls **499**	Alls **153**	Alls **213**	Alls **100**	Alls **50**	Alls **70**	Alls **42**	Alls **0**	Samtals **1.127**
	100,00%	**10,00%**	**30,00%**	**60,00%**	**100,00%**	**44,28%**	**13,58%**	**18,90%**	**8,87%**	**4,44%**	**6,21%**	**3,73%**	**0,00%**	**100,00%**
Innb. Lotto janúar	230.010	23.001	69.003	138.006	1050	93.187	27.010	34.896	20.044	8.872	16.101		6.900	230.010
Innb. Lotto febrúar	187.381	18.738	56.214	112.429	1050	75.916	22.004	28.428	16.329	7.228	13.117		5.621	187.381
Innb. Lottó mars	184.012	18.401	55.204	110.407	1050	74.551	21.608	27.917	16.035	7.098	12.881		5.520	184.012
Innb. Lottó apríl	184.181	18.418	55.254	110.509	1050	74.620	21.628	27.943	16.050	7.104	12.893		5.525	184.181
Innb. Lottó maí	211.595	21.160	63.479	126.957	1127	79.296	23.006	29.765	17.036	11.403	13.656	10.502	5.771	211.595
Innb. Lottó júní.	244.146	24.415	73.244	146.488	1127	91.494	26.545	34.344	19.657	13.158	15.757	12.118	6.659	244.146
Innb. Lottó júlí	170.219	17.022	51.066	102.131	1127	63.790	18.508	23.945	13.705	9.173	10.986	8.448	4.642	170.219
Innb. Lotto ágúst	208.318	20.832	62.495	124.991	1127	78.068	22.650	29.304	16.772	11.227	13.445	10.339	5.681	208.318
Innb. Lotto sept.	261.977	26.198	78.593	157.186	1127	98.176	28.484	36.853	21.092	14.118	16.908	13.003	7.145	261.977
Innb. Lotto okt.	250.985	25.099	75.296	150.591	1127	94.057	27.289	35.306	20.207	13.526	16.199	12.457	6.845	250.985
Innb. Lotto nóv.	307.863	30.786	92.359	184.718	1127	115.372	33.473	43.307	24.786	16.591	19.869	15.280	8.396	307.863
Innb. Lotto des.	191.330	19.133	57.399	114.798	1127	71.701	20.803	26.915	15.404	10.311	12.348	9.496	5.218	191.330
Ósóttir vinningar	0	0	0	0	1127	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Ósóttir vinningar	0	0	0	0	1127	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals kr.	**2.632.017**	**263.202**	**789.605**	**1.579.210**		**1.010.228**	**293.009**	**378.924**	**217.117**	**129.809**	**174.159**	**91.644**	**73.925**	**2.632.017**

Kennitala:	680197-2029	580169-7759	590690-1049	430693-2479	450290-2629	701092-2369	670898-2889	540602-3280
Reikningsnr	1167-26-0144	582-26-2550	582-26-1987	1167-26-2500	0582-26-3443	1167-26-121	582-26-181	0582-26-73

Fundargerð ársþings Íþróttabandalags Vestmannaeyja 9. maí 2012

1. Þingsetning, þingið sett af Þór Vilhjálmssyni sem býður alla velkomna og einnig gest þingsins Ingibjörgu Jóhannesdóttir stjórnarmann Í.S.Í.
2. Kjörbréfanefnd kosin, það eru Jóhann Pétursson, Anna Lilja Sigurðardóttir og Óðinn Hilmisson.
3. Kosning þingforseta og ritara, Hörður Óskarsson og Arndís Sigurðardóttir. - Jóhann gerir grein fyrir stöfum kjörbráfanefndar,öll bréf gild, en gerir aths. við GV, vantar 1 fulltrúa sem skráður er.
4. Skýrsla stjórnar umræður og atkvæðagreiðsla. Vísa í ársrit
5. Reikningar stjórnar umræður og atkvæðagreiðsla, vísa í ársrit. Reikningaar samþykktir samhljóða.
6. Engar umræður, en skýrslur félaga eru í ársriti.
7. Ræddar lagabreytingar, ef fyrir liggja. Helgi Bragason: eftirfarandi lagabreytingar eru lagðar fram á ársþingi Íþróttabandalagi Vestmannaeyja: 1. gr. breytist þannig að núgildandi íþróttalög eru nr. 64/1998, úr falli lög nr. 25 frá 12. febrúar 1940. 5 gr. Breytist þannig að og reikningar bætist við ársskýrslu. 5 gr. Mun hljóða svo: Félögin skulu senda ársskýrslu og reikninga til stjórnar bandalagsins fyrir lok mars ár hvert. Stjórn Í.B.V. sendir síðan heildarskýrslu til Í.S.Í. Hófust miklar umræður um tilllögu 2. Jóhann Pétursson tók til máls og var hann mjög á móti því að reikningar yrðu sendir Íþróttabandalagi Vesymannaeyja. Þór formaður svaraði og vildi fá reikningana til að stjórn bandalagsins gæti fylgst með fjárhag aðildarfélaga, Jóhann tekur aftur til máls og er alfarið á móti reikningaskilum og vill ræða málið milli þinga á sérfundi. Vill bíða með þessa tillögu að sinni. Helgi vill vísa þessari tilllögu til stefnumótunarvinnu. Jóhann tekur aftur til máls og segir að eftirliti fylgi ábyrgð og skyldur og vill meina að þar sé Í.B.V. Komið með ábyrgð á aðildarfélögum fjárhagslega. Öll önnur aðildarfélög eru fylgjandi því að Í.B.V. fái reikningana. Jóhann talar aftur og er eindregið á móti reikningsskilum, vill að ábyrgðin sé hjá félögunum. 5 grein var felld niður og ákveðið að vísa til stefnumótunarvinnu.
8. Helgi Bragason kom með tillögu; skipa 5 manna nefnd um að hefja stefnumótunarvinnu hjá Í.B.V., þangað yrði vísað málum eins og 5. gr. laga og framtíðarstefna íþróttamála í Vestmannaeyjum mótuð, þá til einhverra ára í senn.og var það samþykkt.

Þór formaður kemur með tilllögu fyrir hönd stjórnar að rekstrarstyrkjum Vestmannaeyjabæjar verði úthlutað með sama hætti og lottotekjum Í.B.V. Arnsteinn íþróttafulltrúi tekur til máls og kveður félögin ekki hafa geta fylgt eftir skýrsluskilum vegna rekstrarstyrkja. Jóhann Pétursson formaður Í.B.V. tekur til máls og er ekki sáttur að menn vilji óbreytt ástand, fara þurfi yfir kosti og galla tilllögunnar. Þór gerir grein fyrir því að Í.B.V. sé eitt á móti þessu og Jóhann sé að mála skrattann á vegginn. Jóhann skýrir frá því að hann geti ekki samþykkt tilllöguna vegna þess að hann viti ekki um hvaða upphæð sé að ræða. Óðinn Steinson tekur til máls, sammmála Jóhanni vill vita hvaða áhrif þetta hefur. Helgi ræðir um að þetta sé atriði sem skipti máli og verði að eyða tíma í. Leggur til að þessari tillögu verði vísað til stefnumótunarvinnu. Arnsteinn gerir grein fyrir því að þeirri vinnu verði að vera lokið fyrir haustið. Þór tekur undir það og samþykkir að vísa þessu til stefnumótunarvinnu. Hljóðar tillagan þá svo sem vísað er til nefndar um stefnumótunar. Ársþing Í.B.V. ákveður að fela stjórn Í.B.V. að vinna að reglugerð fyrir afreksstyrki í sameiningu við íþróttafélögin, reglugerðin verði síðan lögð fyrir formannafund og til kynningar og var það samþykkt.

Þinghlé

Gestur þingsins Ingibjörg Jóhannesdóttir tekur til máls, hún ber kveðju frá stjórn Íþrótta og Ólympíusambandi Íslands og færir öllum merki vegna 100 ára afmælis sambandsins. Hún skýrir frá helstu verkefnum sambandins bæði innanlands og utan, Mikið er á döfinni heima í almenningsíþrótttum t.d. Hjólað í vinnuna kvennahlaupið og fleira. Ólympíuleikarnir í London þangað sem þó nokkrir hafa unnið sér keppnisrétt. Ingibjörg ræddi um ferðasjóð sem þrátt fyrir kreppu hefði verið hækkaður um 10. milljónir, væri núna 60 milljónir en hefði í raun átta að vera 90 milljónir og hvatti félög til að herja á að ferðastyrkirnir yrðu hækkaðir áfram. Hún kom einnig færandi hendi, Veitti Í.B.V. handbolta og fótbolta og Í.B.V. innrammaða viðurkenningu fyrir að vera orðin fyrirmyndarfélög en það er einungis hægt að vera fyrirmyndarfélag að uppfylltum ströngum skilyrðum Í.S.Í. Þeir tóku á móti viðurkenningunum fyrir handboltann Árni Stefánsson; fyrir fótboltann Óðinn Hilmisson og Í.B.V. Jóhann Pétursson. Jóhann þakkar heiðurinn og telur félagið vel að þessu komið.

9. 10. 11. og 12. liðir dagskrárinnar duttu út, engar umræður.
13 a) Þór Vilhjálmsson kosinn formaður næsta starfsárs
13 b) Kosin stjórn fyrir næsta starfsár, það eru Leifur Gunnarsson varaformaður, Gísli Valtýsson gjaldkeri, Arndís Sigurðardóttir ritari og Birgir Guðjónsson meðstjórnadi.
13 c) Kosnir tveir skoðunarmenn Eygló Kristinsdóttir og Guðni Sigurðsson.
13 d) Í laganefnd voru kosin Helgi Bragason, Sólveig Adólfsdótttir og Gísli Valtýsson. Valnefnd er skipuð einum fulltrúa frá hverju aðildarfélagi Í.B.V. og formanni Í.B.V. sem skal vera formaður nefndarinnar og kalla valnefnd saman til fundar.
14. Ýmis mál enginn vildi tjá sig undir þessum lið.
15. Þingslit. Þór Vilhjálmsson þakkaði starfmönnum þingsins störfin og félögum og gestum fyrir komuna og sleit þinginu.

Arndís Sigurðardóttir, fundarritari

Lög Íþróttabandalags Vestmannaeyja

Samþykkt á ársþingi 17. maí 2001

1. kafli
Tilgangur og markmið
1. gr.
Íþróttabandalag Vestmannaeyja (skammstafað ÍBV) er héraðssamband íþróttafélaga í Vestmannaeyjum. Það var stofnað 6. maí 1945 samkvæmt lögum ÍSÍ og íþróttalögum nr. 25 frá 12. febrúar 1940.

2. gr.
Tilgangur ÍBV er:
a) Að vinna að eflingu, samræmingu og skipulagningu á íþróttastarfsemi allra áhugamanna í Vestmannaeyjum í samræmi við íþróttalögin og reglur ÍSÍ.
b) Að hafa foystu í sameiginlegum félagsmálum og efla samvinnu íþróttaiðkenda í Vestmannaeyjum, svo og vera sameiginlegur fulltrúi félaganna utan héraðs.
c) Að vinna að framkvæmdum sem miða að því að efla íþróttaiðkanir innan héraðsins, svo sem að byggingu og endurbótum á sameiginlegum íþróttamannvirkjum og að aðstoða einstök félög við slíkar framkvæmdir.
d) Að sjá um rekstur og viðhald sameiginlegra íþróttamannvirkja, ef ekki er öðruvísi kveðið á um þau.
e) Að vinna að sameiginlegum fjármálum með því að koma styrkbeiðnum á framfæri og útvega styrki svo og að úthluta sameiginlegu styrktarfé til íþróttamannvirkja og kennslustarfsemi, bæði verklegrar og bóklegrar.
f) Að útvega kennara og tæki til þjálfunar og fræðslu, sé þess óskað.
g) Að annast íþróttaleg sérmál og hagsmuni sérgreinar, ef sérráð fyrir þá íþróttagrein er ekki starfandi.
h) Að gangast fyrir stofnun félaga, sem ásamt þjálfara annast öll mál viðkomandi íþróttagreinar.
i) Að sjá um afgreiðslu ágreiningsmála sem kunna að koma upp innan héraðsins.
j) Að taka á móti tilkynningum um komu íþróttaflokka á bandalagssvæðinu og tilkynningum frá bandalagsfélögum um ráðgerðar íþróttaferðir þeirra úr héraði. Ennfremur að skera úr ágreiningsmálum er varða þessi atriði, ef fyrir koma.
Bandalaginu er heimilt að fela viðkomandi félögum að sjá um þessi mál undir yfirumsjón bandalagsstjórnarinnar.
k) Að segja álit sitt á íþróttamálum, íþróttamannvirkjum, o.s.frv.
l) Að annast skýrslugerðir um íþróttmál á bandalagssvæðinu.
m) Að vera milliliður milli Tryggingastofnunar og einstakra félaga.
n) Að sjá um framkvæmd á læknisskoðun íþróttamanna.
o) Að sjá um að unnið sé að bindindismálum og útrýmingu skaðnautna meðal bandalagsfélag.
p) Að hafa yfirumsjón með og þar með úrskurðarvald um niðurröðun á íþróttamótum í héraðinu.
q) Að hafa yfirumsjón með héraðsmótum og úrskurðarvald í málum sem valda ágreiningi milli þjálfara og sérráða.
r) Aða hafa forgöngu um að örva íþróttaiðkanir og keppni um íþróttamerki.

II. kafli
Réttindi og skyldur bandalagsfélaganna
3. gr.
Öll þau félög í Vestmannaeyjum sem hafa íþróttir á stefnuskrá sinni eiga rétt á að ganga í ÍBV, enda fullnægi þau þeim skilyrðum, sem á hverjum tíma eru gildandi um frjálsa íþróttastarfsemi.

4. gr.
Óski félag að ganga í ÍBV, sendir það stjórn ÍBV umsókn sína, ásamt lögum félagsins, skýrslur um stofndag þess og ár, stjórn þess og tölu félagsmanna.

5. gr.
Félögin skulu senda ársskýrslu til stjórnar bandalagsins fyrir lok mars ár hvert. Stjórn ÍBV sendir síðan heildarskýrslu til ÍSÍ.

6. gr.
Skattur bandalagsfélaganna til ÍBV er sá skattur sem samþykktur er á ársþingi ÍBV. Skýrslu- og reikningsár ÍBV fylgir almanaksárinu.

7. gr.
Félag, sem ekki hefur sent ársskýrslu sína fyrir ársþing missir atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi ÍBV. Líði ár án þess að félagið geri skil á skýrslum skal ársþing taka ákvörðun um hvort félaginu skuli vikið úr ÍBV.

8. gr.
Víkja má félagi úr ÍBV um stundarsakir, ef það brýtur gildandi lög um íþróttamál, svo sem lög, reglur og ákvæði ÍBV, lög sambanda sem bandalagið er aðili að, svo og lög og reglur ÍSÍ.

9.gr.
Félag sem misst hefur réttindi vegna lögbrota eða vanskila getur ekki öðlast þau aftur fyrr en það hefur fullnægt settum refsiákvæðum eða ef um vanskil er að ræða, gert full skil.

10. gr.
Sérhvert félag innan ÍBV á rétt á að senda fulltrúa á ársþing bandalagsins. Skal tala fulltrúa félaganna miðuð við tölu félagsmanna þannig, að félög með 50 félagsmenn eða færri hljóti 1 fulltrúa, en síðan komi 1 fulltrúi fyrir hverja 50 félagsmenn þar fram yfir. Stjórnir félaga skulu útfylla kjörbréf fyrir fulltrúa sína á eyðublað, sem ÍBV leggur til og sjá um að það sé komið á ársþingið, þegar það er sett.

III. kafli
Ársþing ÍBV
11. gr.
Ársþing ÍBV er fulltrúaþing. Það skal haldið árlega á tímabilinu 15. apríl til 15. maí. Boða skal þingið bréflega með minnst mánaðar fyrirvara og senda boð stjórnum bandalagsfélaganna svo og öðrum þeim aðilum sem rétt eiga á þingsetu sbr. 12. gr.
Þingboðinu skal fylgja ársskýrsla og reikningar ÍBV, dagskrá þingsins svo og eyðublöð undir kjörbréf fulltrúa ásamt upplýsingum um það hve marga fulltrúa eigi að senda. Ennfremur skulu fylgja þær tillögur og þau mál sem ákveðið hefur verið að leggja fyrir þingið. Jafnframt skal hvert félag minnt á að allar tillögur og mál sem óskast lögð fyrir þingið skulu hafa borist stjórn ÍBV viku fyrir þinghald. Telji félag að fulltrúatala þess sé

sé rangt tilgreind skal það senda stjórn ÍBV kæru um það áður en vika er liðin frá því tilkynning um fulltrúatölu var send út.

12. gr.
Rétt til setu á ársþingi ÍBV eiga allir fulltrúar bandalagsfélaga samkvæmt 10. gr. Þá hafa rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti; Stjórn og varastjórn ÍBV, framkvæmdastjóri ÍSÍ, ásamt íþróttafulltrúa ríkisins, æskulýðs- og íþróttafulltrúi Vestmannaeyjabæjar og fulltrúi frá hverju landssambandi, sem ÍBV er aðili að.

13. gr.
Verkefni ársþingsins eru:
1. Þingsetning
2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar
3. Kosning fyrsta og annars þingforseta og tveggja ritara
4. Skýrsla stjórnar og umræður
5. Reikningar stjórnar, umræður og atkvæðagreiðsla
6. Skýrslur félaga, umræður og atkvæðagreiðsla
7. Ræddar lagabreytingar, ef fyrir liggja
8. Ræddar tillögur er fyrir liggja
9. Kosnar fjórar þingnefndir: Fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd, íþróttanefnd og kjörnefnd. Eru fimm menn í hverri þeirra.
10. Lagðar fram uppástungur um formann ÍBV fyrir næsta ár.

Þinghlé

11. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla
12. Kosning fulltrúa á íþróttaþing ÍSÍ.
13. a) Kosinn formaður ÍBV
    b) Kosin stjórn ÍBV
    c) Kosnir tveir skoðunarmenn og tveir til vara
    d) Kosið í aganefnd, laganefnd og aðrar nefndir ef tillögur hafa borist, Valnefnd skal skipuð einum fulltrúa frá hverju aðildarfélagi Íþróttabandalagsins. og formanni Íþróttabandalags Vestmannaeyja, sem skal vera formaður nefndarinnar og kalla valnefnd saman til fundar.: (d grein var breytt 12. 5.2010)
14. Ýmis mál
15. Þingslit

Öllum stærri málum, sem þingið fær til meðferðar, skal vísa til nefnda og starfa þær á þinginu. Allar kosningar skulu vera bundnar og skriflegar nema ef ekki eru fleiri tilnefndir heldur en kjósa á. Þá eru þeir sjálfkjörnir án atkvæðagreiðslu. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Í sambandi við þingið má flytja erindi og hafa íþróttasýningar eftir því sem aðstæður leyfa.

14. gr.
Aukaþing skal halda, ef tilmæli koma um það samkvæmt fundarsamþykkt frá meirihluta bandalagsfélaganna. Einnig skal halda aukaþing ef stjórn landssambands sem ÍBV er aðili að mælist til þess. Boða skal til aukaþings ef meirihluti stjórnar ÍBV telur ástæðu til þess. Boða skal til aukaþings bréflega með tveggja vikna fyrirvara. Hafa bandalagsfélögin sömu fulltrúa og á næsta ársþingi á undan, sbr. 10. gr. síðustu málsgreinar.
Þetta er starf aukaþings:
1. Þingsetning
2. Kosnir þingforsetar og þingritarar sbr. 13.gr.3
3. Tekin til meðferðar mál þau sem gefið hafa tilefni til aukaþings og tilkynnt voru með þingboðinu.
4. Önnur mál, sem upp kynna að vera borin, ef þingið leyfir að taka þau fyrir sbr. 15. gr.
5. Þingslit

Á aukaþingi ÍBV má ekki gera breytingar á lögum eða reglum ÍBV né kjósa í stjórn þess nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf. Kjósa má fulltrúa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraði.

15. gr.
Í málum þeim, sem tilkynnt hafa verið í þingboðinu, ræður einfaldur meirihluti úrslitum. Þó þarf 2/3 hluta atkvæða fundarmanna til að samþykkja lagabreytingar. Um þau mál sem ekki koma fram fyrr en á þinginu þarf 2/3 hluta atkvæða til þess að þau verði tekin á dagskrá og 4/5 hluta til þess að þau hljóti fulla afgreiðslu.

16. gr.
Atkvæðisrétt á þingum ÍBV hafa aðeins fulltrúar frá bandalagsfélögum ÍBV skv. 10. gr. og fer enginn með meira en eitt atkvæði. Bandalagsfélag getur misst réttindi að meira eða minna leyti vegna dómsúrskurðar frá dómstóli ÍSÍ og tala þeirra fulltrúa sem það á rétt á þannig breyst milli þinga.

IV. kafli
Stjórn ÍBV og starfssvið
17. gr.
ÍBV stjórna fulltrúar sem til þess hafa verið kjörnir á ársþingi ÍBV til eins árs í senn. Formaður skal kjörinn sérstaklega sbr. 13. gr. 13a-13b.
Aðrir skulu kjörnir sbr. 13.gr. 13b, fjórir aðalmenn og fjórir til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum.

18. gr.
Stjórn ÍBV skal sjá um allar framkvæmdir bandalagsins og vinna að málum þess. Stjórninni skal heimilt að skipa nefndir innan eða utan sinna vébanda, til þess að sjá um og framkvæma viss mál bandalagsins. Formaður skal kalla saman stjórnarfundi minnst einu sinni í mánuði. Að öðru leyti setur stjórnin sér sjálf starfsreglur. Stjórnarfundir eru lögmætir, ef meirihluti stjórnarinnar mætir og fundur hefur verið boðaður samkvæmt starfsreglu. (Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði verða jöfn).

19. gr.
Í þeim íþróttagreinum, þar sem stjórnir eru ekki starfandi ferð stjórn ÍBV með hin sérfræðilegu málefni innan héraðs og getur skipað til þess sérstaka nefnd, ef hún telur það hagkvæmara. Stjórn ÍBV fer með stjórn í sérmálum þeirra íþróttagreina, sem það varðar. Sjá þó 2. gr.r. Reglur varðandi verðlaunagripi til keppni innan héraðs skulu háðar samþykkir stjórnar ÍBV.

20. gr.
Stjórnir félaga skulu veita viðtöku öllum skýrslum um íþróttamót, sem haldin eru í héraðinu og geyma þær í skjalasafni sínu. Sé mót haldið í sérgrein þar sem félag er ekki til, skal félag það er fyrir mótinu stendur, senda skýrslu um það beint til stjórnar ÍBV svo og heildarskýrslur um íþróttamót í sinni grein. Sömu skyldur hvíla á stjórn ÍBV, ef hún gengst fyrir mótum. Skýrslur um mót skal senda í síðasta lagi mánuði eftir að móti er lokið, en stjórnir senda ársskýrslur sínar fyrir lok október árlega. Allar skýrslur skal senda í tvíriti til stjórnar ÍBV, sem svo sendir annað eintakið til stjórnar ÍSÍ. Um fjárhagslega aðstoð bæjar-, ríkis- eða landssambanda svo og byggingu, viðhald og rekstur íþróttamannvirkja er félög háð yfirstjórn ÍBV.

21. gr.
Að loknu ársþingi gefur formaður ÍBV út skírteini handa stjórninni er gilda næsta starfstímabil og veita henni ókeypis aðgang að öllum íþróttamótum á bandalagssvæðinu.

22.gr.
Dómstólar ÍSÍ hafa lögsögu í málefnum ÍBV í samræmi við ákvæði laga ÍSÍ.

Reglugerð um veitingu heiðursviðurkenninga Íþróttabandalags Vestmannaeyja

1. grein.
Stjórn Íþróttabandalags Vestmannaeyja skal veita þeim sem unnið hafa af atorku og dugnaði að vexti og viðgangi íþróttastarfsemi í Vestmannaeyjum heiðursviðurkenningu eftir því sem segir í reglugerð þessari

2. grein
Heiðursviðurkenningarnar eru þessar:
1. Heiðurskross ÍBV úr gulli
2. Heiðursmerki ÍBV úr gulli
3. Heiðursmerki ÍBV úr silfri
4. Bandalagsmerki ÍBV
5. Starfsmerki ÍBV

3. grein
Stjórn Íþróttabandalags Vestmanneyja gerir tillögu um veitingu heiðursviðurkenninga og skal hún samþykkt af 4/5 hluta stjórnar. Heiðursviðurkenningarnar skulu einungis afhentar á ársþingi ÍBV eða við hátíðleg tækifæri.

4. grein
Heiðurskross ÍBV úr gulli er æðsta heiðursviðurkenning Íþróttabandalags Vestmanneyja, sem veitist einungis undir sérstökum kringumstæðum og þá helst ekki öðrum en þeim sem áður hafa hlotið Heiðursmerki ÍBV úr gulli eða silfri.

5. grein
Heiðursmerki ÍBV úr gulli er næst æðsta heiðursviðurkenning Íþróttabandalags Vestmannaeyja.
Við veitingu gullmerki ÍBV skal tekið mið af því að sá sem veita á merkið hafi áður verið veitt silfurmerki ÍBV og hafi staðið í forystusveit íþróttamála í Vestmannaeyjum og unnið þeim vel og dyggilega.

6. grein
Heiðursmerki ÍBV úr silfri skal einungis veita þeim sem unnið hafa vel og dyggilega fyrir íþróttahreyfinguna í áratug eða lengur.

7. grein
Bandalagsmerki ÍBV má veita öllum sem starfað hafa vel fyrir bandalagið svo og þeim sem stjórn ÍBV telur ásæðu til að heiðra eða veita viðurkenningu fyrir störf tengd íþróttamálum.

8. grein.
Starfsmerki ÍBV skal veita þeim sem unnið hafa íþróttaafrek á vegum ÍBV, skarað fram úr eða unnið landsmót undir nafni ÍBV.
Stjórnir aðildarfélaga ÍBV og ráða innan ÍBV skulu gera tillögur til stjórnar ÍBV um hverjum skuli veitt merkið.
Merkið má aðeins veita einu sinni.

9. grein
Heimilt er með samþykkt allra stjórnarmanna ÍBV að veita mönnum utan Vestmannaeyja viðurkenningar er um getur í reglugerð þessari, ef viðkomandi hefur að mati stjórnar unnið ómetanleg störf fyrir Íþróttabandalag Vestmannaeyja eða íþróttamál í Vestmannaeyjum.

10. grein
Stjórn Iþróttabandalags Vestmannaeyja skal halda gerðabók þar sem skrá skal handhafa heiðursviðurkenninga ÍBV.

11. grein
Þeir sem hljóta heiðursviðurkenningar ÍBV hafa einir rétt til þess að bera þær og er óheimilt að láta þær af hendi.

12. grein
Reglugerð þessari verður einungis breytt á ársþingi Íþróttabandalags Vestmannaeyja.

13. grein
Reglugerð öðlast þegar gildi.
Þannig samþykkt á ársþingi Íþróttabandalags Vestmannaeyja haldið 15. og 29. dsember 1990.

Heiðursveitingar Íþróttabandalags Vestmannaeyja

Silfurmerki:

1970 Magnús H. Magnússon
1970 Sigurgeir Kristjánsson
1971 Húnbogi Þorkelsson
1971 Helgi Bergvinsson
1971 Bjarnhéðinn Elíasson
1971 Sigurgeir Ólafsson
1971 Guðjón Magnússon
1971 Ingólfur Arnarson
1971 Lárus Ársælsson
1971 Jónas Sigurðsson
1971 Guðný Gunnlaugsdóttir
1971 Sigurður Jónsson
1971 Adólf Óskarsson
1971 Viktor Helgason
1971 Kristinn Sigurðsson
1971 Magnús Grímsson
1971 Valdimar Kristjánsson
1971 Guðmundur Guðmundss.
1971 Marteinn Guðjónsson
1972 Bragi Steingrímsson
1976 Hermann Kr. Jónsson
1976 Atli Elíasson
1997 Guðmundur Þ. B. Ólafss.
1998 Jóhannes Ólafsson
1998 Jóhann Jónsson
1998 Birgir Guðjónsson
1998 Guðlaug Hjelm
1998 Magnús Gísli Magnússon
1998 Sigursteinn Óskarsson
1998 Helgi Sigurlásson
1998 Þorsteinn Jónsson
1998 Einar Friðþjófsson
1998 Björn Elíasson
1998 Kristmann Karlsson
1998 Hólmfríður Júlíusdóttir
1998 Björgvin Eyjólfsson
1998 Guðrún Ragnarsdóttir
1998 Ólafur Jónsson
1998 Bergvin Oddsson
1998 Guðjón Rögnvaldsson
1998 Guðjón Hjörleifsson
1998 Magnús Bragason
1998 Jóhann Pétursson
1998 Einar Gylfi Jónsson
1998 Sigurjón Birgisson
1998 Ingibjörg B. Jóhannesd.
1998 Eggert Garðarsson
1998 Tryggvi Kr. Ólafsson
1998 Guðmundur Jensson
1998 Guðni Hjörleifsson
1998 Friðbjörn Valtýsson
1998 Arngrímur Magnússon
1998 Sæfinna Sigurgeirsdóttir
1998 Hanna Þórðardóttir
1998 Sigríður Magnúsdóttir
1998 Bergljót Blöndal
1998 Ólöf A.Elíasdóttir
1998 Ragnheiður Mikaelsdóttir
1998 Jósúa Steinar Óskarsson
1998 Stefán Agnarsson
1998 Eygló Kristinsdóttir
1998 Stefán Jónasson
1998 Þorvarður Þorvaldsson
1998 Stefán Jónsson
1998 Haraldur Óskarsson
1998 Magnús Magnússon
1998 Einar Jónsson
1998 Böðvar Bergþórsson
1998 Hallgrímur Júlíusson
1998 Haraldur Júlíusson
1998 Leifur Gunnarsson
1998 Þorsteinn Hallgrímsson
1998 Sigurður Þ. Sveinsson
1998 Elías B. Angantýsson
1998 Friðrik Ó. Guðjónsson
1998 Gunnar Guðnason
1998 Gunnar Svavarsson
1998 Sigurður Guðnason
1999 Sighvatur Bjarnason
1999 Sigmar Þröstur Óskarsson
2000 Sigbjörn Óskarsson
2000 Andrea Atladóttir
2000 Ingibjörg Jónsdóttir
2000 Vigdís Sigurðardóttir
2000 Ragna Birgisdóttir
2000 Georg Þór Kristjánsson
2000 Geir Sigurlásson
2000 Bjarni Jóhannsson
2000 Birgir Sveinsson
2000 Hjalti Kristjánsson
2000 Sveinn Þorsteinsson
2000 Arndís Sigurðardóttir
2002 Eyþór Harðarson
2003 Ágúst Einarsson
2003 Óskar Freyr Brynjarsson
2003 Stefanía Guðjónsdóttir
2003 Unnur Sigmarsdóttir
2004 Hörður Óskarsson
2004 Ómar Garðarsson
2004 Sigurlás Þorleifsson
2004 Þórunn Ingvarsdóttir
2004 Hlynur Stefánsson
2004 Heimir Hallgrímsson
2005 Hlynur Sigmarsson
2005 Páll Marvin Jónsson
2006 Kári Vigfússon
2006 Ragnheiður Víglundsdóttir
2006 Jóna Ágústsdóttir
2006 Guðný Einarsdóttir
2007 Svavar Valtýr Stefánsson
2007 Viktor Ragnarsson
2007 Kristín Ásmundsdóttir
2007 Svanfríður Jóhannsdóttir
2008 Tryggvi Már Sæmundsson
2008 Bergur Sigmundsson
2008 Kristján Ólafsson
2008 Helgi Bragason
2009 Viðar Elíasson
2009 Klara Tryggvadóttir
2009 Eyjólfur Guðjónsson
2009 Páll Scheving
2009 Ólafur Týr Guðjónsson
2009 Guðmundur Huginn Guðmundss.
2009 Ingi Sigurðsson
2009 Magnús Sigurðsson
2010 Kári Þorleifsson
2010 Óðinn Steinson
2011 Jóhannes Grettisson
2011 Ólafur Tryggvason
2012 Jón Ólafur Daníelsson
2012 Íris Sæmundsdóttir

Gullmerki:

1971 Friðrik Jesson
1971 Valtýr Snæbjörnsson
1971 Bergsteinn Jónasson
1971 Karl Jónsson
1971 Guðlaugur Gíslason
1971 Jóhann Vilmundarson
1971 Albert Guðmundsson
1971 Martin Tómasson
1971 Stefán Runólfsson
1971 Eggert Sigurlásson
1971 Gísli Halldórsson
1972 Viktor Helgason
1975 Guðjón Ólafsson
1976 Húnbogi Þorkelsson
1998 Þór I. Vilhjálmsson
1998 Bragi Steingrímsson
1998 Gísli Valtýsson
1998 Jóhann Ólafsson
1998 Sigurður Jónsson
1998 Sigríður Ólafsdóttir
1998 Hermann Kr. Jónsson
1998 Vignir Guðnason
1998 Aðalsteinn Sigurjónsson
1998 Sólveig Adólfsdóttir
1998 Atli Elíasson
2000 Ólöf Elíasdóttir
2000 Björgvin Eyjólfsson
2000 Þorvarður Þorvaldsson
2000 Guðrún Ragnarsdóttir
2000 Eygló Kristinsdóttir
2000 Grímur Guðnason
2003 Birgir Guðjónsson
2004 Guðmundur Þ.B. Ólafsson
2007 Jóhann Jónsson
2008 Stefán Jónasson
2008 Haraldur Óskarsson
2008 Hörður Óskarsson
2009 Bergvin Oddsson
2009 Leifur Gunnarsson
2010 Arndís Sigurðardóttir
2010 Einar Friðþjófsson
2010 Björn Elíasson
2011 Unnur Sigmarsdóttir
2011 Magnús Bragason
2011 Jóhannes Ólafsson
2011 Arngrímur Magnússon

Gullkross:

1997 Magnús Grímsson
1997 Guðjón Magnússon
1998 Adólf Óskarsson
1998 Guðný Gunnlaugsdóttir
1998 Húnbogi Þorkelsson
1998 Stefán Runólfsson
1998 Gunnar Stefánsson
2005 Marteinn Guðjónsson
2005 Jóhann Ólafsson
2005 Bragi Steingrímsson

Sérstök viðurkenning:

1994 Árný Heiðarsdóttir
1995 Jón Bragi Arnarsson
1996 Sigbjörn Óskarsson
1997 Haraldur Júlíusson
1998 Sigurlás Þorleifsson
1999 Ólöf Heiða Elíasdóttir
2000 Sólveig Adólfsdóttir
2001 Jóhann Jónsson
2002 Gísli Valtýsson
2003 Eygló Kristinsdóttir
2004 Ragnar Guðmundsson
2005 M. Birgir Guðjónsson
2006 Guðjón Ólafsson
2007 Guðmundur ÞB. Ólafsson
2008 Vignir Guðnason
2009 Sigursteinn Óskarsson
2010 Þórunn Ingvarsdóttir
2011 Jóhannes Ólafsson
2012 Þorvarður Þorvaldsson

Íþróttamenn Vestmannaeyja

Byrjað var að tilnefna Íþróttamann Vestmannaeyja árið 1978. Sá Rótarýklúbbur Vestmannaeyja um valið til ársins 1982. Þá tók Íþróttabandalag Vestmannaeyja við valinu og viðhafði kosningu meðal bæjarbúa. En frá árinu 1986 hefur valið verið í höndum sérstakrar valnefndar, sem kjörin hefur verið á ársþingum Íþróttabandalagsins.

1978 Óskar Sigurpálsson, lyftingamaður
1979 Gunnar Steingrímsson, lyftingamaður
1980 Páll Pálmason, knattspyrnumaður
1981 Sigmar Þröstur Óskarsson, handknattleiksmaður
1982 Sigfríð Björgvinsdóttir, sundkona
1983 Gylfi Garðarsson, kylfingur
1984 Árni Sigurðsson, sundmaður
1985 Þorsteinn Gunnarsson, knattspyrnumaður
1986 Birgir Ágústsson, kylfingur
1987 Sindri Óskarsson, kylfingur
1988 Nökkvi Sveinsson, knattspyrnumaður
1989 Sigurður Gunnarsson, handknattleiksmaður
1990 Logi Jes Kristjánsson, sundmaður
1991 Sigmar Þröstur Óskarsson, handknattleiksmaður
1992 Þorsteinn Hallgrímsson, kylfingur
1993 Þorsteinn Hallgrímsson, kylfingur
1994 Andrea Elín Atladóttir, handknattleikskona
1995 Logi Jes Kristjánsson, sundmaður
1996 Logi Jes Kristjánsson, sundmaður
1997 Hlynur Stefánsson, knattspyrnumaður
1998 Hlynur Stefánsson, knattspyrnumaður
1999 Birkir Kristinsson, knattspyrnumaður
2000 Ingibjörg Jónsdóttir, handknattleikskona
2001 Íris Sæmundsdóttir, knattspyrnukona
2002 Vigdís Sigurðardóttir, handknattleikskona
2003 Ingibjörg Jónsdóttir, handknattleikskona
2004 Margrét Viðarsdóttir, knattspyrnukona
2005 Örlygur Helgi Grímsson, kylfingur
2006 Sæþór Ólafur Pétursson, hnefaleikamaður
2007 Sigurður Bragason, handknattleiksmaður
2008 Andri Ólafsson, knattspyrnumaður
2009 Þórhildur Ólafsdóttir, knattspyrnukona
2010 Þórarinn Ingi Valdimarsson, knattspyrnumaður
2011 Tryggvi Guðmundsson, knattspyrnumaður
2012 Elísa Viðarsdóttir, knattspyrnukona

Íþróttamaður æskunnar

Ársþing Íþróttabandalags Vestmannaeyja, haldið 8. maí 2003, samþykkti að taka upp sérstaka viðurkenningu, og sá er hana hlyti, fengi nafnbótina Íþróttamaður æskunnar. Skal sama valnefnd og sér um val á Íþróttamanni Vestmannaeyja, sjá um þá viðurkenningu.
Skal miða aldur Íþróttamanns æskunnar við 14 ára til og með 18 ára.

2003 Margrét Lára Viðarsdóttir, knattspyrnukona
2004 Tanja Björg Sigurjónsdóttir, fimleikakona
2005 Ester Óskarsdóttir, handknattleikskona
2006 Kristrún Hlynsdóttir, fimleikakona
2007 Arnór Eyvar Ólafsson, knattspyrnumaður
2008 Hallgrímur Júlíusson, golfari
2009 Sigríður Lára Garðarsdóttir, handknattleiks- og knattspyrnukona, golfari
2010 Óskar Zoega Óskarsson, knattspyrnumaður
2011 Svava Tara Ólafsdóttir, knattspyrnukona
2012 Gunnar Karl Haraldsson

Íþróttastefna Vestmannaeyjabæjar

Stefna/markmið

Meginmarkmið:

Heilbrigð sál í hraustum líkama

1. Aukin þátttaka bæjarbúa, ekki síst barna og unglinga, í íþróttum sem og reglulegri hreyfingu.

Leiðir:

Til að ná því marki verðum við að:

• efla og styðja við barna- og unglingastarf. Framfylgja þarf stefnu ÍSÍ um barna- og unglingaíþróttir. Sú stefna hefur það að leiðarljósi að íþróttaiðkun skuli vera þroskandi líkamlega, sálrænt og félagslega. Með því móti má skapa aðstæður fyrir mun fleiri börn og unglinga til að njóta sín innan íþróttahreyfingarinnar. Festa á í sessi áhuga barna á íþróttum með því að hafa iðkunina jákvæða, skemmtilega og að börnum líði vel. Sérstaklega þarf að gefa ungum börnum tækifæri til að kynnast mörgum íþrótt-agreinum og seinka þeirri sérhæfingu sem á sér stað í dag. Mikilvægt er að efla hvers kyns félagsstarf í tengslum við sjálft íþróttastarfið. Skapa þarf börnum og unglingum aðstæður til íþróttaiðkunar á eigin forsendum, hvort sem það er með keppni eða afrek í huga eða með líkamsrækt, skemmtun og góðan félagsskap að leiðarljósi. Efla þarf félagsvitund barna og unglinga þannig að þeim sé ljóst að það sé merki ÍBV héraðssambands sem þau koma fram undir. Efla þarf samstarf á milli aðildarfélaga ÍBV þannig að börnum og unglingum sé gefinn kostur á að stunda fleiri en eina íþróttagrein en ekki að þau séu sett í þau spor að þurfa að gera upp á milli íþróttagreina of snemma.

• efla starf foreldra innan íþróttastarfsins. Hvatning foreldra er mikilvægur þáttur í uppeldi og starfi íþróttafélaga. Stuðningur foreldra eykur líkur á því að börn haldi áfram þátttöku í íþróttum. Virkt samstarf foreldra og íþróttafélags er mikilvægt og nauðsynlegt að upplýsingaflæði sé gott. Virkni sem flestra í starfsemi félaga auðveldar vinnuna og leiðir til að fjölskyldumeðlimir skapa sér sameiginlegan vettvang og áhugamál.

• hvetja almenning til að taka þátt í almenningsíþróttum. Líkamlegt og andlegt atgervi, heilbrigði og hreysti er hverjum manni mikilvægt. Upplýsa verður íbúa um gildi hollra lifnaðarhátta og hollrar hreyfingar. Heilsuefling er mikilvægur þáttur til að viðhalda góðu heilbrigði bæði hjá ungum sem öldnum. Upplýsa verður íbúa um rétt þeirra til
að nýta þau glæsilegu íþróttamannavirki sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða og einnig hvað stendur til boða varðandi heilsueflingu.

• auka áherslu á aukna menntun þjálfara. Íþróttastarf er uppeldisstarf og hafa íþróttaþjálfarar því mikilvægu uppeldishlutverki að gegna. Mikilvægt er að vanda valið á íþróttaþjálfurum. Vel menntaðir þjálfarar með áhuga fyrir starfi sínu laða frekar en aðrir börn og ungmenni að íþróttastarfi.

2. Ná virkri tengingu milli forvarna og þátttöku í íþróttum

Leiðir:

Til að ná því marki verðum við að:

• auka áherslu á mikilvægi forvarna. Mikilvægt er að íþróttafélögin taki skýra afstöðu með mikilvægi heilsusamlegs lífernis og skaðsemi ávana- og fíkniefna s.s. áfengis, tóbaks og öðrum fíkniefnum og hvers konar lyfjamisnotkun. Mikilvægt er að íþróttafélögin taki þátt í forvarnarstefnu sveitarfélagsins og móti sameiginlega starfsreglur um hvernig skuli tekið á fíkniefnavanda og/eða lyfjamisnotkun einstaklinga á vettvangi íþróttahreyfing-arinnar. Öll íþróttamannvirki sveitarfélagsins skulu vera laus við reykingar og önnur skaðleg vanabindandi efni. Þjálfarar barna og unglinga gegna lykilhlutverki í öllu íþróttastarfi. Þeir eru fyrirmyndir og mótunaraðilar sem skipta miklu máli í áherslu á mikilvægi forvarna. Upplýsa þarf þjálfara og iðkendur um skaðsemi ávana- og fíkniefna og forvarnarstefnu íþróttafélaga. Halda skal uppi virkri fræðslu hjá aðildarfélögum ÍBV. Fela þarf þjálfurum að fræða iðkendur um áhrif áfengis, tóbaks og annarra fíkniefna á heilbrigði þeirra og árangur í íþróttum. Aðildarfélög ÍBV eru hvött til að kynna reglulega forvarnarstefnu síns félags.

3. Áhersla á heilbrigðan lífstíl, virðingu, umhyggju, samstöðu og samkennd.

Leiðir:

Til að ná því marki verðum við að:

• auka samvinnu þeirra sem koma að uppeldi barna og ungmenna. Stuðla að virkri samvinnu íþróttafélaga og þeirra sem koma að uppeldi barna og ungmenna í þeim tilgangi að skapa uppeldisaðstæður og umhverfi sem býður upp á heilbrigðan lífsstíl og skapar lífshamingju sem einkennist af virðingu, umhyggju, samstöðu og samkennd.

• samræma aðgerðir og reglur á milli aðildarfélaga ÍBV og annarra sem koma að uppeldi barna og ungmenna. Hér er átt við samræmdar umgengnis- og agareglur þannig að sömu reglur gilda fyrir börn og ungmenni hvort sem þau stunda almenna skólaleikfimi eða íþróttaæfingar.

4. Efla skilning einstaklingsins á umhverfi sínu og tengja það íþróttastarfi.

Leiðir:

Til að ná því marki verðum við að:

• auka vitneskju þjálfara og forystumanna um mikilvægi þess að skila umhverfinu hreinu og fínu til barna okkar. Það er hagur allra að gengið sé vel um náttúruna og okkar nánasta umhverfi. Tenging íþróttastarfs og náttúruverndar fer vel saman og er stór þáttur í heilbrigðum lífsstíl, virðingu, umhyggju, samstöðu og samkennd.

5. Vestmannaeyjabær vill taka þátt í að styðja við afreksíþróttir og byggja upp afreksfólk m.a. í þeim tilgangi að skapa fyrirmyndar einstaklinga öðrum til hvatningar.

Leiðir:

Til að ná því marki verðum við að:

• efla innra starf félaga ÍBV héraðssambands. Samræma þarf aðgerðir þannig að allir stefni að sama markmiði, hvort sem það eru iðkendur, stjórnarmenn, þjálfarar eða hinn almenni stuðningsmaður.

• stuðla að áframhaldandi uppbyggingu og viðhaldi íþróttamannvirkja í þeim tilgangi að styðja við afreksíþróttir.

• gera núverandi og væntanlegu afreksfólki grein fyrir stöðu sinni sem fyrirmyndum sem á að virka öðrum til hvatningar. Hvers kyns fyrirmyndir eiga þátt í að móta atferli og lífsstíl ungs fólks. Virkja þarf afreksfólk til að vekja athygli á gildi íþrótta og á skaðsemi fíkniefna m.a. með fyrirlestrum fyrir þjálfara og iðkendur og þátttöku í æfingum.

Stefnumótun fyrir íþróttafélög

Í framhaldi af íþróttastefnu Vestmannaeyjabæjar eru þau aðildarfélög ÍBV héraðssambands sem ekki hafa mótað íþróttastefnu hvött til að vinna sína stefnumótunar vinnu og um leið hvött til að stýra forsendum og áherslum í sömu átt og fram kemur í þessari stefnu. Auka þarf gæði íþróttastarfs og koma á markvissri uppbyggingu íþróttafélaganna með það að markmiði að efla starf þeirra. Skiptir þá ekki máli stærð félags. Byggja þarf starf hvers félags á ákveðnum grunni og síðan getur hvert félag útfært íþróttastefnuna á þann hátt sem hentar hverju félagi fyrir sig. Hvetja þarf aðildarfélög ÍBV héraðssambands að gerast fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Vestmannaeyjabær mælir með eftirfarandi atriðum í stefnu íþróttafélaga:

Meginmarkmiðið:

Heilbrigð sál í hraustum líkama.

Hlutverk / Markmið:

Samkvæmt lögum hvers félags: Íþrótta- og félagsstarfið verði unnið í takt við íþróttastefnu ÍBV héraðssambands og stefnu ÍSÍ.

Verkefni stjórnar:

• *Stjórn félags:*

Að hún sé full mönnuð samkvæmt lögum hvers félags. Verkaskipting sé klár þannig
að allir séu með á hreinu hvert sé þeirra hlutverk.

• *Stjórnarfundir:*

Fastir fundartímar. Skrifleg dagskrá lögð fram. Fundargerð síðasta fundar lesin og
samþykkt með undirskrift.

• *Fjármál og bókhald:*

Bókhald fært samkvæmt lögum og lyklakerfi ÍSÍ. Uppgjör framkvæmt með reglulegu
millibili. Eftirlit endurskoðenda.

• *Félagsfundir:*

Minnst 1-2 haldnir á hverju ári. Auglýst dagskrá. Fundarboð til allra félagsmanna.

• *Aðalfundir:*

Auglýstir samkvæmt lögum. Fari fram á lögmætan hátt.

• *Barna- og unglingastarf:*

Fylgi stefnu ÍSÍ.

• *Félagsstarf:*

Sé virkt og hæfi hverjum aldurshópi.

• *Foreldrastarf:*

Sé virkt og foreldrar vel upplýstir um starfsemi félagsins.

• *Vímuvarnir:*

Stefnu sé fylgt eftir. Leikreglur, bönn. Eftirfylgni, taka á vandamálum.

• *Umhverfismál:*

Mótuð sé stefna og fylgt eftir. Borin sé virðing fyrir umhverfinu.

• *Fjáraflanir:*

Séu fjölbreyttar og nýtist sem flestum félagsmönnum. Séu í samræmi við lög sbr. bann við auglýsingum um áfengi og tóbak.

• *Þjálfun og kennsla:*

• Menntaðir leiðbeinendur, kröfur gerðar til þeirra. Efla þekkingu leiðbeinenda, senda á námskeið, fá fyrirlesara. Skilgreina framhalds- og endurmenntun kennara.

Hafa skilgreinda launastefna. Stjórnarmenn sýni metnað í starfi.

• Upplýsa, boðleiðir öruggar.
• Mannleg samskipti.
• Halda utan um sögu félags, varðveita gögn. Fundargerðir, fréttabréf, leikskrár.
• Efla samskipti á milli félaga, styrkja ÍBV samstöðu.
• Sinna afreksmanninum.

Verkefni þjálfara / leiðbeinenda:

• Vinna í takt við íþróttastefnu ÍBV.
• Skipulag þjálfunar, vinna eftir áætlunum og/eða námsskrá.
• Rækta einstaklinginn félagslega, andlega og líkamlega.
• Stuðla að vinskap, virðingu og kurteisi.
• Hreyfing / einbeiting. Hvetja iðkendur til fjölbreyttrar hreyfingar.
• Agi– hafa gaman.
• Þolinmæði.
• Sinna vímuvörnum, fylgja reglum eftir.
• Taka þátt í verkefnum tengdum umhverfismálum.
• Tækni - læra að sigra / tapa.
• Mataræði.
• Þekkja keppinautinn, að vera klókari.
• Sýna metnað í starfi.
• Huga að sjálfsgagnrýni.
• Kynna sér reglur íþróttamannvirkja og miðla þeim til iðkenda.

Hvernig náum við árangri?

Með því að sýna metnað í starfi, næst árangur, sem aftur skapar betra skipulag.

Samþykkt í fjölskyldu- og tómstundaráði Vestmannaeyja 1. desember 2010 og staðfest í bæjarstjórn 9. desember 2010.

Starfsskýrsla Golfklúbbs Vestmannaeyja starfsárið 2012

Stjórn, nefndir og starfsfólk

Á aðalfundi GV 29. desember 2011 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn starfsárið 2011-2012 og skipti stjórn svo með sér verkum: Helgi Bragason, formaður, Haraldur Óskarsson, varaformaður, Hörður Óskarsson, gjaldkeri, Jón Árni Ólafsson, ritari og Böðvar Bergþórsson, meðstj. Til vara voru kjörnir Sigurjón Pálsson og Hörður Orri Grettisson.

Haldnir voru 15 bókaðir stjórnarfundir og auk þess var fjöldi funda í nefndum og ýmsir vinnufundir vegna sérstakra verkefna.

Kjörnir skoðunarmenn, Gunnar Gunnarsson og Guðni Sigurðsson og til vara Gísli Jónasson.

Fastanefndir voru eftirfarandi og formenn:

Kappleikjanefnd: Jón Árni Ólafsson form.

Vallar- og húsnefnd: Ríkharður Hrafnkelsson form

Aganefnd: Kristján Ólafsson form.

Unglinga og afreksnefnd: Hörður Orri Grettisson form.

Markaðs og kynningarnefnd: Helgi Bragason form.

Kvennanefnd: Erla Fanný Sigþórsdóttir form.

Öldunganefnd: Haraldur Óskarsson form.

Eftirtaldir gegndu stjórnunarstörfum fyrir GV á starfsárinu:

Framkvæmdastjóri: Elsa Valgeirsdóttir.

Vallarstjóri: Örlygur Helgi Grímsson.

Yfirþjálfari/umsjónarmaður unglinga: Einar Gunnarsson

Í sumar voru starfsmenn í vinnu hjá GV um 22 í c.a 7 heilsársstörfum, þar af voru 4 unglingar frá vinnuskóla Vestmannaeyjabæjar. Auk þess voru fjöldi félagsmanna sem unnu í ýmsum sjálboðaliðastörfum fyrir klúbbinn.

Gunnar Gunnarsson fyrrum formaður GV hefur setið í stjórn GSÍ árið 2012.

Stjórn GV þakkar öllum þeim sem störfuðu fyrir klúbbinn fyrir vel unnin störf.

Mótahald

Árið 2012 voru stór mót haldin á vegum klúbbsins. Voru skráð mót klúbbsins 26 og heildarþátttakendafjöldi í mótum sem skráð voru á www.golf.is var 1.922 þátttakendur eða um 74 þátttakendur að meðaltali í hverju móti. Auk þessa voru haldin innanfélagsmót og mót fyrir börn og unglinga. Sumarið 2011 voru haldin 25 mót með 1.680 þátttakendur eða 67 að meðaltali, árið 2010 voru skráð 18 mót með 1.223 þátttakendur eða 71 að meðaltali og 2009 voru 17 mót með 71 kylfing að meðaltali í móti.

Stærsta einstaka mót sumarsins var Íslandsmót 35 ára og eldri haldið helgina 19.-21. júlí.

Mótið var haldið í samstarfi við Icelandair og 155 þátttakendur skráðu sig til leiks og 147 luku leik. Mótið tókst vel í góðu veðri og völlurinn skartaði sínu fegursta. Glæsilegt lokahóf var haldið að móti loknu. Íslandsmeistarar voru Nökkvi Gunnarsson og Ragnhildur Sigurðardóttir. Af árangri Vestmannaeyinga bar hæst að Aðalsteinn Ingvarsson varð í 3. sæti í 1. flokki og Ingi Sigurðsson gerði sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari í 2. flokki og Óðinn Kristjánsson sigraði 3. flokki.

Eitt stigamót á Eimskipsmótaröðinni var haldið í Eyjum helgina 9. – 10. Júní og voru þátttakendur 79 talsins. Sigurverar á mótinu voru:

Í kvennaflokki: Berglind Björnsdóttir, GR, 221 högg, +11

Í karlaflokki: Þórður Rafn Gissurarson, GR, 209 högg, -1

Sunna Víðisdóttir, GR spilaði lokahringinn á 67 höggum sem er nýtt vallarmet kvenna en eldra metið átti Ragnhildur Sigurðardóttir, GR, 68 högg.

Um mánaðarmótin ágúst/september var Suðurlandsmótaröð barna haldin í Eyjum og tókst mótið vel en 40 krakkar tóku þátt og stóðu keppendur GV sig vel í mótinu. Suðurlandsmótaröð barna byrjaði sumarið 2010 og var haldið annað sinn í Eyjum sumarið 2012. Þátttakendafjöldi var talsvert færri 2012 en 2011 en mótið færðist til vegna veðurs en of seint er að vera með það í september.

Icelandair Volcano Open sem var nú haldið í sjöunda skipti í samstarfi við Icelandair. 106 keppendur spiluðu í tveimur ráshópum goslokahelgina 6. og 7. Júlí. Fjöldi þátttakenda var með færra móti en talsverð áhrif hafði að meistaramót stærstu klúbbanna var haldið sömu helgi og þá hafði 35 ára mótið áhrif á fjöldann. Í sumar verður 40 ára goslokaafmæli og áætlum við að mikill fjöldi verði í Eyjum um goslokahelgina og vonumst við eftir stóru Icelandair volcano open golfmóti og áætlum að opnað verði fyrir skráningu í febrúarmánuði og rétt er að benda áhugasömum á að huga tímanlega að gistingu og ferðum. Kunnum við forsvarsmönnum Icelandair þakkir fyrir stuðninginn og munum halda áfram að byggja upp í samstarfi við Icelandair þetta þekktasta opna mót landsins.

Önnur stór mót sem haldin voru í Eyjum sumarið 2012 voru m.a.:
Íslandsbanki Open 101 þátttakandi
Axel Ó (Texas scramble) 94 þáttakendur
Opna sjómannamót Ísfélags Vestmannaeyja 93 þátttakendur. Auk þess voru haldin stór og þekkt boðsmót fyrirtækja, klúbbamót ofl.

Á formannafundi GV sem haldinn var á Suðurnesjum í nóvember sl. var ákveðið að annað stigamótið í Eimskipsmótaröðinni skyldi haldið í Eyjum 7.-9 júní og verður mótið þriggja daga mót (3x18 holur) og sveitakeppni önnur deild verður haldin í Eyjum helgina 16-18. ágúst. Icelandair volcano open verður haldið þann 5.-6. Júlí og stefnt er að veglegu 75 ára afmælismóti sem verður kynnt nánar síðar.

Völlurinn og Golfskálinn

Eftir nokkuð harðan vetur á mælikvarða okkar Eyjamann þá var marsmánuður nokkuð góður og gróður tók vel við sér. Vorið var þokkalegt en sumarið einkenndist af miklum þurrkum eins og undanfarin ár. Haustið var ágætt en snemma í september gekk yfir mikið norðvestan hvassviði sem hafði slæm áhrif á margar glompur en ekki var búið að breiða yfir þær á þeim tíma. Talsvert tjón varð af völdum þessa þar sem sandur fauk yfir flatir og auk þess tæmdust nokkrar glompur og þarf að bæta miklum sandi í þær fyrir næsta sumar. Það sem af er vetri hefur tíðin verið mjög mild og í dag er völlurinn snjólaus og algjörlega laus við klaka. Þetta veit vonandi á gott fyrir vorið.

Þann 28. mars var borið á flatir og þann 3.apríl voru flatir eitt til tólf slegnar og fært inn á og upp úr miðjum apríl var búið að taka allar flatir í notkun. Gróður vallarins var mun fyrr á ferðinni en undanfarin ár og var völlur ágætur framan af sumri en svo einhverra hluta vegna dofnuðu gæði flata eftir mitt sumar. Einnig var tappagötun flata á seinni hluta vallarins um miðjan ágúst á afar óheppuleg tímasetning og gerði þann hluta vallarins ill leikhæfan eftir það. Á næsta sumri verður að leggja enn meiri áherslu á að passa upp á umhirðu og gæði vallarins. Viðtakandi vallarnefnd ásamt vallarstjóra verða að huga enn betur að hlutunum til að bæta völlinn eins mikið og kostur er á næsta sumri og í framtíðinni. Í haust var Guðmundur hjá MHG fengin í heimsókn til að fara yfir vélarnar með Örlygi. Í framhaldinu vann Örlygur við að skipta um hluti og gera allar vélar klárar fyrir vorið og er staða þeirra góð í dag. Vallarstjóri stýrði umhirðu vallarins eins og undanfarin ár og einnig sá hann um þær litlu framkvæmdir sem unnar voru. Á 15. og 17. teig hefur verið mjög erfitt að halda teigunum góðum vegna þess hversu litlir þeir hafa verið og álagið mikið, var því tekin sú ákvörðun að útbúa nýja teiga og setja gervigras á þá. Gervigrasið er af nýrri kynslóð sem er mikið betra gervigras en það sem notast hefur verið við. Samhliða nýju gervigrasteigunum var einnig sett nýtt gras á 8., 15. og 17. teig. Þessi framkvæmd var til mikilla bóta og skoða þarf hvort ekki sé rétt að bæta við gervigrasteigum til að minnka hið aukna álag sem er á nátturulegu teigunum sumstaðar á vellinum. Göngustígar neðan við skálann við 1. og 9. braut svo og við „forina“ voru lagfærðir, þeir rammaðir inn og möl bætt í. Þessi aðgerð bætti verulega ásýndina á þessu svæði. Vinnudagar voru haldnir og var mæting ágæt, þar sem unnið var við stígagerð og borið á pall og skála.

Í haust var aðkeyrsla og plan við áhaldahús steypt en ekki tókst að klára klæðninguna að utan eins stefnt hafði

verið að. Aðstaðan í og við áhaldageymsluna fer smátt og smátt batnandi og vonandi tekst að klára frágangin að utan næsta sumar.

Nú eru vonandi bjartari tímar framundan í fjármálum klúbbsins svo e.t.v. verður hægt að skoða með lagfæringar og betrumbætur á vellinum eins og gert er grein fyrir annars staðar í skýrslu stjórnar. Mörg eru verkefnin til framtíðar litið ef við ætlum að standa öðrum golvöllum jafnfætis í gæðum golfvallarins.

Nefndin hélt alls átta bókaða fundi á árinu og svo funduðu framkvæmdastjóri, vallarstjóri og formaður nefndarinnar flesta þriðjudagsmorgna frá því í apríl og fram á haust, þar sem farið var yfir gang mála á vellinum.

Ríkharður Hrafnkelsson, formaður vallar- og húsnefndar.

Unglinga og afreksstarf er stór þáttur í starfi klúbbsins og var engin undantekning þar á í sumar en hlutfall unglinga og barna í GV er mjög hátt.

Karlasveit GV keppti í Sveitakeppni GSÍ, sveitin hefur verið í 1. deild undafarin ár og fór keppnin að þessu sinni fram í Leirunni á Suðurnesjunum. Eftir besta árangur í sögu klúbbsins árið 2011 náði sveitin ekki að fylgja eftir þeim frábæra árangri og þurfti að gera sér fallsæti að góðu. Sveitina skipuðu : Örlygur Helgi, Gunnar Geir, Karl Haraldsson, Hallgrímur Júlíusson, Rúnar Þór Karlsson, Helgi Anton Eiríksson og Jón Valgarð Gústafsson. Liðsstjóri var Sigurður Bragason.

Sveit eldri kylfinga spilaði í fyrstu deild eftir smá hlé. Keppt var á Flúðum og endaði sveit GV í fimmta sæti og stóð sig með miklum ágætum. Sveitina skipuðu, Atli Aðalsteinsson, Magnús Þórarinsson, Stefán Sævar Guðjónsson, Sigurður Þór Sveinsson, Bergur Sigmundsson, Ingibergur Einarsson og Ríkharður Hrafnkelsson. Liðstjóri var Haraldur Óskarsson. Ágætt starf hefur verið á vegum öldungarnefndar, m.a. var haldin mótaröð sem var til viðmiðunar við val í sveitina. Mikill hugur er í eldri kylfingum klúbbsins um að efla starfið enn meira á næsta ári.

Vestmannaeyjameistari GV árið 2012 er Örlygur Helgi Grímsson sem jafnframt var valinn kylfingur ársins 2012. Katrín Harðardóttir sigraði kvennaflokk.

Stjórn klúbbsins hefur lagt á það áherslu að efla enn freka barna og unglingastarf á komandi árum. Meðal annars vegna þess að fækkað hafði mjög í hópi eldri unglinga. Er sú vinna hafin og gaman frá því að segja að klúbburinn sendi sveit í Sveitakeppni GSÍ 16 ára og yngri í fyrsta sinn í mörg ár. Fór sú keppni fram á Akureyri og stóðu piltarnir sig vel.

Barnastarfið er mjög öflugt hjá klúbbnum og Golfskóli Sparisjóðsins starfaði eins og undafarin ár, nú undir stjórn Óskars Jósúasonar og undir faglegri umsjón Einars Gunnarssonar PGA golfkennara. Unnu þeir ásamt starfsmönnum skólans frábært starf og er þeim þakkað fyrir það.

Þrátt fyrir að vera með mikinn fjölda barna og unglinga í golfskólanum hefur stjórn lagt áherslu á að efla enn frekar faglegt starf og æfingar barna og unglinga. Mikilvægur þáttur í því er að PGA kennari sé í starfi fyrir klúbbinn. Karl Haraldsson náði sér í kennsluréttindi með aðstoð GV en hann hefur snúið sér að öðrum störfum um tíma. Einar Gunnarsson var kom í nokkur skipti til Eyja síðasta sumar og var með kennslu og faglega umsjón með golfskólanum. Mikilvægt er að vera með kennara í Eyjum ef við ætlum að halda uppi öflugu unglinga og afreksstarfi. Unglinga og afreksnefnd hefur átt í viðræðum við Einar Gunnarsson um að sjá um kennslu hjá GV næsta sumar og erum við vongóð um að samningar við Einar verði kláraðir á næstu vikum. Inniæfingar hafa verið í knattspyrnuhúsinu í vetur undir stjórn Grétars Þórs Eyþórssonar og hafa þær gengið vel. Fjárfestum við í mottum og búnaði til að æfa inni og hefur það verið vel nýtt. GV hefur tvo tíma í viku en rétt er að benda almennum kylfingum á að þeim er velkomið að mæta og halda sveiflunni við í góðu skjóli í knattspyrnuhúsinu. Stjórn stefnir að frekari uppbyggingu æfingisvæðis og hefur fengið styrk til þess frá Vestmannaeyjabæ eins og gert verður grein fyrir hér aftar í skýrslunni og auk þess, eins og að framan greinir, lagt metnað í að bæta aðbúnað barna bæði með aðstöðu og góðum leiðbeinendum og þjálfurum.

Hörður Orri Grettisson,
formaður unglinga og afreksnefndar.

Félagsstarf, notkun golfvallar

Félagafjöldi í GV er í dag um 340 félagar yfir 16 ára og um 100 15 ára og yngri, samtals um 440 félagar eða um 10% af heildarjfölda bæjarbúa sem teljast verður nokkuð gott hlutfall. GV er 9 stærsti klúbbur landsins talið í fjölda félaga. Stærstur er GR með um 3.000 félaga og GO, GKG og GK eru með frá 1.100 uppí 1.900 félaga. Klúbbar sem við berum okkur oft saman við hvað rekstrartölur og fleira varðar eru td. GA með um 700 félaga, GS með um 500 félaga og GL með um 400 félaga. Golfklúbbar landsins eru 65 talsins og heildarfjöldi félaga í golfklúbbum er á árinu 2012 16.641 eða um 5% landsmanna, flestir þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu eða um 10.000. Oft er talað um að 18 holu golfvöllur þoli amk. 1.000 félaga og því er mikið svigrúm fyrir GV til að auka við félagafjölda og notkun á vellinum.

Félagafjöldi í GV hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár en fjöldi félaga í golfklúbbum á Íslandi hefur nær því tvöfaldast frá árinu 2000 til ársins 2012 eða frá 8.500 í 16.641. Þrátt fyrir að fjöldi félaga hafa ekki aukist mikið hjá GV hefur notkun á vellinum aukist til muna og er ástæðan helst aukning aðkomumanna sem helgast af fleiri golfurum, bættum samgöngum til Eyja og góðri aðstöðu hér í Eyjum.

En það er ekki sjálfsagður hlutur að halda úti jafn glæsilegri aðstöðu og við höfum hér í Eyjum. Eins og að framan greinir eru fáir greiðandi félagsmenn á bakvið klúbbinn okkar og því þarf að hugsa vel um hverja krónu. Vegna þessa er það okkur nauðsynlegt að fá góðan stuðning bæjarfélagsins. Stjórn GV hefur átt í viðræðum við forsvarsmenn Vestmannaeyjabæjar á undanförnum missserum og er ánægjulegt að greina frá því að Vestmanna-

eyjabær hefur samþykkt 10 milljón kr. framlag til uppbygg-ingar æfingasvæðis árið 2013 og í þriggja ára áætlun Vestmannaeyjabæjar er gert ráð fyrir 15 milljóna króna framlagi á ári næstu þrjú ár til viðbótar til uppbyggingar á aðstöðu GV. GV er líklega eina íþróttafélagið í Vestmannaeyjum sem á og rekur sín íþróttamannvirki sjálf en Vestmannaeyjabær á og rekur flest önnur íþróttamannvirki.

Gott samband og góð samvinna stjórnar og starfsmanna klúbbsins við félagsmenn, bæjaryfirvöld, bæjarbúa og fyrirtæki eru okkur lífsnauðsynleg. Til að halda áfram að byggja upp og halda vellinum okkar í fremstu röð þurfum við góða aðstoð og vonandi standa framangreindar áætlanir þannig að hér verði eðlileg uppbygging og við getum verið samanburðarhæf. Stjórn og vallarnefnd hafa gert aðgerðaráætlun varðandi uppbyggingu og stefnt er að því og gert grein fyrir í fjárhagsáætlun að byrjað verði á því að fara í uppbyggingu æfingasvæðis þar sem gert yrði ráð fyrir möguleika á lokaðri aðstöðu að hluta, þá er gert ráð fyrir að bæta vökvunarkerfi vallarins fyrir sumarið. Fyrirhugað er að gera göngustíga með hamrinum þ.e. frá Mormónastyttunni út fyrir 14. flöt. Í haust er áætlað að fara í breytingar og lagfæringar á 14. og 15. flötum og byrja á lagfæringum, breytingum og stækkunum teiga.

Eins og við þekkjum er aðgengi að vellinum gott og við höfum talsvert svigrúm til að bæta við okkur félagsmönnum og notum á vellinum. Félagafjöldi hefur staðið í stað undanfarin ár en talsverð aukning hefur verið í notkun aðkomumanna. Rástímaskráning hefur verið í þróun hjá okkur en erfitt hefur verið að temja heimamenn til að skrá sig á völlinn. Notkun á vellinum okkar frá maí og út ágúst er eftirfarandi og hefur þá notkun heimamanna verið áætluð inní tölurnar:

	Heild	Mót	Félagsm	Aðrir
Maí	2.285	195	1.860	234
Júní	3.464	478	1.800	1.186
Júlí	4.433	995	1.860	1.578
Ágúst	2.665	174	1.860	631
Samt.	12.847	1.842	7.360	3.629

Eins og að framan greinir varð slæmt veður í byrjun september og ekki mikil notkun á vellinum í september, áætluð ársnotkun á vellinum í samræmi við framangreint er því um 14 – 15 þúsund hringir. Til samanburðar er notkun hjá GL, GK og GS eftirfarandi:

GL (Akranes) um 19 þús hringir
GK (Keilir, Hvaleyri) um 33 þús hringir
GS (suðurnes) um 20,5 þús hringir

Á síðasta ári var vallarnefnd og húsnefnd sameinuð og tókst það ágætlega en starf þeirrar nefndar er mjög viðamikið og eru áætlanir um framkvæmdir teknar í samráði stjórnar og þeirrar nefndar. Ekki var mikið um framkvæmdir árið 2012 en stefnt er að því að fara í ýmsar framkvæmdir árið 2013 og á næstu árum eins og gert hefur verið grein fyrir annars staðar í skýrslunni.

Um miðjan maímánuð 2012 var farinn Skotlandsferð félaga í GV sem skipulögð var af þeim bræðrum Haraldi og Herði Óskarssonum og hinum hundtrygga aðstoðarmanni þeirra Gunnlaugi Grettissyni. Þetta var fjórða ferðin sem farin er á Dundeesvæðið og tókst sú ferð mjög vel og kepptum við í golfi við klúbbfélaga í ScotsCraig klúbbnum sem er fornfrægur klúbbur rétt við Dundee og handsöluðum við þar vinskap við þann ágæta klúbb sem á margt sameiginlegt með okkur hjá GV.

GV er í vinaklúbbasamstarfi við eftirtalda klúbba: Kjöl Mosfellsbæ, Selfoss, Hveragerði, Borgarnes, Mostra

Stykkishólmi, Sandgerði, Grindavík, Keflavík, Flúðir, Bakkakot og Hellu. Í flestum tilfellum er um að ræða 50% gagnkvæman afslátt af vallargjöldum.

Fjármál og rekstur

Gjaldkeri mun gera grein fyrir ársreikningi klúbbsins hér á eftir. Daglegur rekstur klúbbsins gekk vel á árinu og hækkuðu tekjur úr tæplega 54 milljónum í rúmar 57 milljónir eða um 6,5 % á milli ára. Rekstrarkostnaður eykst um 8% og er nú um 52.000.000. Afgangur af rekstri fyrir fjármagnsliði og afskriftir er því um 5.000.000. Heildartekjur GV af árgjöldum þmt. af golfskóla eru um 14 milljónir. Þeir klúbbar sem við höfum verið að bera okkur saman við eru með um 60 – 70 milljónir í árstekjur en félagsgjöld eru um 10 – 15 milljónum hærri en hjá GV. Sem dæmi má nefna að heildartekjur GS eru um 68 milljónir og félagsgjöld eru um 24 milljónir. GA er með 63 milljónir í heildartekjur og félagsgjöld eru um 27 milljónir.

Markmið stjórnar er að auka tekjur um 10% árið 2013 þannig að heildartekjur utan við framlag Vestmannaeyjabæjar til uppbyggingar æfingasvæðis (10 milljónir króna), verði um 63 milljónir.

Lausafjárstaða er ágæt og hefur stjórn lagt á það áherslu að eiga alltaf nægt laust fé til að mæta daglegum rekstri, launum og nauðsynlegum útjgöldum og hefur ekki þurft að reka klúbbinn á yfirdrætti. Langtímaskuldir eru í dag um 34 milljónir og er þar um að ræða eitt lán hjá Íslandsbanka sem er í dag á 8% vöxtum og vextir eru því um 2,5 milljónir á ári. Stjórn hefur lagt á það áherslu að lækka skuldir klúbbsins og mun gera áfram, greiddar voru 5 milljónir inná höfuðstól framangreinds langtímaláns stuttu fyrir áramót og stefnt er að því að lækka skuldir enn frekar á næstu mánuðum. Það ætti ekki að vera óraunhæft markmið að skuldir GV yrðu innan við 10 milljónir á 80 ára afmæli klúbbsins þann 2018.

Tekjur af flatargjöldum hafa verið að aukast og voru árið 2012 8,5 milljónir og tekjur af mótum voru tæplega 7 milljónir. Markmið um aukningu tekna eru bundin við það að samgöngur milli lands og Eyja verði eðlilegar, veðurfar hefur mikil áhrif á tekjur af vellinum og auk þess þurfum við að tryggja gæði vallarins og aðstöðu við völlinn. Áætlanir um uppbyggingu á aðstöðu og velli eru okkur því nauðsynlegar til að halda golfvellinum hér í Eyjum áfram í fremstu röð.

Eins og gerð er grein fyrir hér að framan eru þeir klúbbar sem við berum okkur saman við með mun hærri tekjur af árgjöldum. Er það tilkomið vegna þess að félagafjöldi þeirra er fleirri en auk þess þá hefur GV verið með talsvert lægri árgjöld en þeir klúbbar sem við berum okkur saman við en hér er tafla með árgjöldum nokkurra viðmiðunarklúbba fyrir árið 2012-2013.

Eins og að framan greinir þá hefur stjórn GV átt í uppbyggilegum viðræðum við Vestmannaeyjabæ um uppbyggingu á golfvelli okkar í Herjólfsdal og hafa bæjaryfirvöld sýnt nauðsynlegum endurbótum á og við völlinn okkar

góðan skilning og auk þess gera allir Eyjamenn sér grein fyrir því aðdráttarafli sem okkar frábæri golfvöllur er fyrir Vestmannaeyjar. Við alla uppbyggingu hjá GV hefur verið leitast við að skerða ekki hina frábæru náttúru sem við búum við, náttúran og umhverfi vallarins er auk góðra klúbbfélaga dýrmætasta eign GV. Næstu ár verða því vonandi uppbyggingarár sem verða til að bæta aðstöðu kylfinga, bæta unglinga og afreksstarf og fjölga kylfingum og öðrum sem leggja leið sína til Eyja í golf.

Golfklúbbur Vestmannaeyja var stofnaður 4. desember 1938 er 20 menn mættu á stofnfund og ákváðu að stofna hér í Eyjum golfklúbb. GV var þá þriðji golfklúbburinn sem stofnaður var á Íslandi og var ásamt Golfklúbbi Íslands (nú GR) og Golfklúbbi Akureyrar stofnandi Golfsambands Íslands árið 1942. GV fagnar því 75 ára afmæli á árinu 2013 og munum við minnast stofnunar og halda uppá afmælið á árinu m.a. halda veglegt golfmót og vonandi vígja nýja æfingaaðstöðu á árinu auk ýmislegs annars sem kynnt verður seinna. Gríðarlega mikið starf hefur verið unnið í gegnum tíðina hjá GV og geta félagar verið stoltir af þeirri aðstöðu sem við eigum í dag en alltaf má gera betur.

Eins og undanfarin ár verður framkvæmdastjóri í 50% starfshlutfalli í vetur og verður skrifstofa opin virka daga frá 14.00 – 16.00.

Ég vil að lokum þakka stjórn, félagsmönnum, starfsmönnum og öðrum þeim sem komu að starfi klúbbsins fyrir þeirra starf fyrir hönd klúbbsins.

Vestmannaeyjum 2. febrúar 2013

f.h. stjórnar.

Helgi Bragason, formaður

Starfsskýrsla Fimleikafélagsins Rán starfsárið 2012

Þann 30 janúar lét af störfum Vladimir Kotar og tók Rakel Reynisdóttir við og bjóðum við hana velkomna í okkar raðir.

Í mars forum við með 42 börn á mót hjá Fylki og unnum þar T2 3 gull og eitt silfur, T3 vann 2 gull og eitt brons, og T 5 vann 1 brons alls kepptu 5 lið frá okkur.

Í mai var síðan vorsýninginn okkar og gekk hún mjög vel, einnig seldum við SÁÁ álfinn og gekk það vel.

Júní vorum við með fimleikasýningu sem T 2 tók þátt í á sjómannadaginn og einnig líka flossölu, 17 júní vorum við með fimleikasýningu niður á Stakkó og tók T3 þátt í þeirri sýningu og svo vorum við með flossölu.

Júlí flosuðum við fyrir Sparisjóðinn í Vestmannaeyjum á Sparisjóðsdaginn og einnig vorum við með flossölu í Skvísusundi.

Verslunarmannahelgina vorum við með fimleikasýningu á Þjóðhátíð og var Rakel með hóp af blönduðum aldri að sýna.

Byrjuðum við svo haustið í september og þar voru þjálfarar Ásta Lilja, Natalyia, Henrietta, Þórey, Jóna, Einar, Súsanna, Elínborg og Agnes.

Gekk haustið mjög vel og vorum við með Jólasýningu í desember og mætti þar Jólasveinn, og fengu allir krakkar viðurkenningu fyrir æfingarnar í vetur.

Börn með mestu framfarir á árinu voru Elísa og Richard. Íþróttamaður æskunnar Elínborg Eir Sigurfinnsdóttir

Formaður Helga Åberg henriette@simnet.is
Gjaldkeri Sigfríð sigfridbj@gmail.com

Elínborg Eir Sigurfinnsdóttir, fimleikakona Ránar 2012

Starfsskýrsla Sundfélags ÍBV fyrir starfsárið 2012

Svanhildur Eiríksdóttir, sundmaður ársins 2012

Ný stjórn tók við á aðalfundi 12. apríl 2012. Hennar fyrsta verk var að hefja undirbúning á Íslandsmeistamót Garpa sem haldið var í Eyjum 4. – 5 maí 2012. Til leiks mættu keppendur frá ellefu félögum. Tókst mótið í alla staði vel og átti félagið 9 keppendur á mótinu. Var þetta í fyrsta skipti sem ÍBV er með lið á mótinu og stóð það sig vel og rakaði inn verðlaunapeningunum. Einnig er gaman að segja frá því að á Íslandsmeistaramóti Garpa 2013 sem haldið verðum í Hafnarfirði 3. og 4. maí nk. á Sundfélag ÍBV fulltrúa í hópi keppenda.

Farið var með 19 keppendur á ÍRB Landsbankamótið í Reykjanesbæ 11. – 13. maí. Stóðu krakkarnir sig þar með mikilli prýði og áttu skemmtilega helgi þar sem að þau syntu og skemmtu sér.

Árlegt Kiwanismót var haldið 30. maí. Er það jafnframt hluti af uppskeruhátíð félagsins. Kvöddum við þar fráfarandi þjálfara og veittar voru viðkenningar. Kiwanis bikarinn er veittur þeim sundmönnum, karlkyns og kvenkyns, sem bæta sig mest milli móta. Þetta árið hlutu þau Leifur Rafn Kárason og Elín Elfa Magnúsardóttir bikarana. Sundmaður félagsins var valin Svanhildur Eiríksdóttir fyrir frábæra ástundun og fyrir að vera öðrum iðkendum góð fyrirmynd og sundfélaginu til mikils sóma. Á uppskeruhátíð ÍBV héraðsambands 17. janúar 2013 var Svanhildur einnig heiðruð sem sundmaður ársins.

Í sumarbyrjun stóð félagið fyrir sundnámskeiði fyrir 5 – 6 ára gömul börn, Karen Inga Ólafsdóttir sá um það. Eru þessi námskeið undirbúningur fyrir sundkennslu þegar þessi krakkar hefja skólagöngu sína.

Karítas Þórarinsdóttir hætti sem þjálfari hjá félaginu og á haustdögum tók við Berglind Brynjarsdóttir. Hefur hún sýnt mikinn áhuga og vilja til að bæta sig og mennta sig meira sem þjálfari. Hefur félagið fjármagnað námskeið fyrir hana. Elstu stúlkurnar hjá félaginu hafa einnig verið henni innan handar við að aðstoða á æfingum hjá yngri krökkunum. Er það félaginu mjög mikilvægt til þess að yngri iðkendur fái tækifæri til að umgangast sér eldri sundmenn og horfa til góðra fyrirmynda.

Búið er að fara á nokkur mót upp á land í vetur og hafa krakkarnir verið að sýna góðar bætingar. Félagið hefur verið í samstarfi með Sundfélaginu Ægi úr Reykjavík. Fyrir áramót hittust krakkarnir og æfðu saman í Reykjavík og helgina fyrir páska komu Ægismenn til okkar í heimsókn. Er sú samvinna okkur mikils virði bæði til þess að víkka sjóndeildarhring krakkanna sem og efla tengsl félagsins við önnur félög.

Venju samkvæmt voru haldin innanfélagsmót um jól og páska og framundan er Kiwanismót nú í maí.

Farið var í nokkrar fjáraflanir á árinu, seldur var Blái naglinn, tvær grænmetissölur og poppsölur á Sjómannadag, 17. júní og á goslokum. Einnig leigði félagið ÍBV Íþróttafélagi poppvélarnar á Þjóðhátíð.

Starfsskýrsla Ægis fyrir starfsárið 2012

Gunnar Karl Haraldsson, íþróttamaður Ægis 2012

Starfsárið 2012 er búið að vera skemmtilegt hjá Ægi. Félagið fór til Reykjavíkur og keppti á Íslandsmóti í Boccia sveitakeppni sem haldið var í Reykjavík dagana 31. mars – 1 apríl. Ferðalagið gekk mjög vel og stóðu keppendur okkar sig vel bæði innan vallar sem utan.

Eldri borgarar skoruðu á okkur og buðu okkur í félagsheimilið sitt í spennadi keppni og kökur. Síðan voru nokkrir sem skelltu sér til Akureyrar á Hængsmót dagana 28-30. apríl þar sem Gunnar Karl Haraldsson lenti í þriðja sæti í flokki hreyfihamlaðra.

Sjötti Ægisdagurinn var haldinn í maí ásamt fyrirtækjamóti. Þetta er ein af stærri fjáröflunum félagsins og gaman að sjá hvað fyrirtækjamótið okkar er að stækka, auk þess er þetta frábær kynning á íþróttinni.

Árið 2012 var svolítið frábrugðið öðrum árum því Norðurlandamót í Boccia var haldið hér á landi. Keppendur ásamt fríðu föruneyti komu frá öllum Norðulöndunum mættu til leiks í Laugardalshöllinni í maí. Við hjá Ægi vorum einstaklega stolt að einn úr okkar röðum komst í landsliðið. Gunnar Karl stóð sig með prýði og var landi sínu og félagi til mikils sóma. Félagið sendi líka nokkra dómara sem störfuðu á mótinu og var það í senn ánægjulegt og fróðlegt.

Í maí héldum við uppskeruhátíð þar sem félagar okkar keppa hvort við annað og var haldin góð veisla í lokin.

Vinamót Aspar í sundi var haldið 19. maí og skelltu nokkkrir félagar sér í dagsferð í bæinn og tóku þátt.

Eftir sumarfrí fór svo allt á fullt að undirbúa okkur fyrir Íslandsmót í Boccia einstaklingskeppni. Eins og vanin er buðum við eldri borgurum í heimsókn og var hörkukeppni okkar á milli sem var góður undirbúningur fyrir Íslandsmótið. Það var langt en frábært ferðalag alla leið til Ísafjarðar helgina 11-13. október. Ferðalagið og keppnin gekk vel, Gunnar Karl Haraldsson fékk gullverðlaun í sinni deild.

Formannafundur Íþróttasambands fatlaðra var haldin í nóvember. Þar sem Kristín Ósk ritari sat.

Árið var svo klárað með jólamóti Ægis ásamt smá jólaveislu og pakkaskiptum.

Íþróttamaður ársins 2012 var Gunnar Karl Haraldsson og var hann jafnframt kosin íþróttamaður æskunnar hjá ÍBV héraðssambandi.

Fyrir hönd Íþróttafélagsins Ægis,
Þórhildur Ragna Karlsdóttir, form

Starfsskýrsla Ungmennafélagsins Óðins fyrir starfsárið 2012

Salka Sól Örvarsdóttir og Grétar Þorgils Grétarsson, íþróttafólk Óðins árið 2012

Starfsemi Ungmennafélags Óðins (UMFÓ) var með hefðbundnum hætti árið 2012 líkt og undanfarin ár.

Stjórn UMFÓ:
Birgitta Hafsteinsdóttir formaður
Steinunn Jónatansdóttir varaformaður
Sæbjörg Logadóttir ritari
Gyða Arnórsdóttir gjaldkeri
Ómar Garðarsson meðstjórnandi.
Jóna Björk Grétarsdóttir varamaður

Ný stjórn tók til starfa þann 24. febrúar 2012. Stjórnin kom saman á sex vikna fresti og ræddu eitt og annað sem snéri að félaginu og uppbyggingu þess.

Iðkendafjöldi jókst sl. haust og komu nýir þjálfarar til félagsins, þau Einar Kristinn Kárason Íþróttafræðingur, Aníta Eyjólfsdóttir, Íþróttafræðingur og Sæbjörg Logadóttir einkaþjálfari. Æfingar fyrir yngsta og næst yngsta hóp voru stundaðar í Íþróttamiðstöðinni og Týsheimili en fyrir mið- og elsta hóp í EImskipshöll.

Fjárhagsstaða félagsins hefur verið réttu megin við núllið undanfarin ár sem og sl. ár. Innkoma æfingagjalda sl. ár var dræm fram að hausti en í haust bættust við iðkendur og innkoman jókst mikið .

Sumaraðstaða.

Aðstaða til sumariðkunnar er bág og hefur stjórnin barist fyrir betri aðstöðu utanhúss til margra ára en ekki hefur verið bætt úr því. Svörin eru þau að ekki sé á stefnuskrá Vestmannaeyjabæjar frekari úrbætur fyrir frjálsíþróttir þar sem félagið hafi fengið innanhússaðstöðu. En það er nú einu sinni þannig að innanhússaðstaða er ekki sú sama og utanhússaðstaða og ekki er hægt að iðka 90% þeirra greina sem keppt er í yfir sumartímann inni í Eimskipshöll. Sumarið 2012 var félagið með útistandandi æfingar fyrir fjóra aldursflokka, þ.e.a.s 5-7ára, 8-10ára, 11-13ára og 14ára og eldri. En auðvitað fækkar iðkendum yfir sumar vegna bágrar aðstöðu sem er súrt.

Mót.

Krakkarnir stóðu sig framar vonum á mótum sumarsins. Unnu þau til gull, sifur og bronsverðlauna á Íslandsmóti. Svo unnum við gullverðlaun í kúluvarpi á silfurmóti ÍR í nóvember sl.

Tvö Vestmannaeyjamót voru haldin árið 2012. Eftir mót var slegin upp veisla fyrir keppendur með pizzum og öðru góðgæti, síðan var verðlaunaafhending við mikla kátínu barnanna.

Nokkur Vestmannaeyjamet féllu sl. ár bæði í stelpna og stákaflokki, sem voru mörg hver komin til ára sinna.

Íþróttamaður UMFÓ 2012:

Grétar Þorgils Grétarsson var kjörinn Íþróttamaður UMFÓ. Hann varð Íslandsmeistari í kúluvarpi sem og ÍR meistari á Silfurmóti ÍR. Hann er afburðar íþróttamaður sem hefur verið í stöðugri bætingu.

Íþróttakona UMFÓ 2012:

Salka Sól Örvarsdóttir var kjörinn íþróttakona UMFÓ fyrir árið 2012. Hún gerði sér lítið fyrir og hafnaði í þriðja sæti í hástökki stelpna á meistaramóti Íslands. Salka er afar dugleg, jákvæð, samviskusöm stúlka sem á framtíð fyrir sér.

Iðkendur UMFÓ 2012.

Iðkendum fjölgaði haustið 2012 og voru um jólin á skrá hjá okkur 63.

Ársskýrsla ÍBV íþróttafélags fyrir starfsárið 2012

Þorsteina Sigurbjörnsdóttir var einn af burarásum kvennaliðs ÍBV á síðasta ári

Hefðbundið er að miða upphaf árlegs starfs hjá félaginu við framkvæmd Þrettándans. Þréttándinn var nú haldinn hátíðlegur þann 4. janúar og tókst að vanda vel. Nokkuð skýjað var reyndar þannig að merki félagsins uppá Há sást með nokkrum herkjum. En álfar, tröll og aðrar kynjaverur sáu um að gera Þrettándann að þeirri ógleymanlegu fjölskylduskemmtun sem hann er. ÍBV þakkar sínum félögum og Vestmannaeyjabæ fyrir þessa einstæðu skemmtun sem virkilega setur skemmtilegan svip á bæjarlífið hér í Eyjum ár hvert.

En íþróttalífið hjá félaginu er öflugt og blómlegt. Handboltinn gekk vel og góð uppbygging á sér stað þar innan dyra. Sú uppbygging hefur skilað sér í bæði góðum leikmönnum og traustum fjárhagslegum rekstri. Meistaraflokkur karla lék í 1. deild og barðist um að komast í N1 deildina. Það hafðist ekki það árið en ég held að ég sé ekki að upplýsa um neitt leyndarmál ef ég tek það fram að það hefur nú tekist á yfirstandandi ári og er það glæsilegur og verðskuldaður árangur. Í Eimskipsbikarnum náði liðið í 16 liða úrslit en tapaði þar gegn Haukum með 2 mörkum. Haukar urðu að lokum bikarmeistarar en þeir unnu úrslitaleikinn með 8 marka mun. Þess ber að geta að B lið ÍBV fór alla leið í 8 liða úrslit en féll þar óverðskuldað úr leik gegn HK með tvísýnu 22 marka tapi.

Kvennaliðið lék í efstu deild, N1 deildinni. Liðið lauk leik í 3. sæti deildarinnar og ávann sér rétt til að leika í úrslitakeppninni. Þar bar ÍBV sigur af Gróttu í 8 liða úrslitum en féll úr leik í hörkuleikjum gegn Fram í 4. liða úrslitum. Í Eimskipsbikarkeppninni stóð liðið sig frábærlega og fór alla leið í úrslitaleikinn. Þar var við ramman reip að draga þar sem lið Valskvenna var. Valur sigraði sanngjarnt og vann reyndar einnig Íslandsmeistaratitilinn.

Á þessu keppnistímabili féll liðið úr leik í undaúrslitum bikarins í Laugardalshöll gegn sterku liði Vals enn og aftur. Liðið féll að lokum úr leik í 4 liða úrslitum í N1 deildinni gegn Fram.

Árangur hjá báðum liðum er mjög góður. Heilbrigður

Flottar Eyjastelpur á Pæjumóti

og góður rekstur er vísasta leiðin til langtímaárangurs í þróttum sem og væntanlega flestu öðru. Spennandi verður að sjá hvað framtíðin ber í skauti sínu og ber að þakka öllum þeim sem leggja hönd á plóg til að gengi handboltans verði sem allra best.

Vetrarlok ÍBV Íþróttafélags fór síðan fram að venju um vorið. Voru þau hin glæsilegustu og var handknattleiksfólks ársins 2012 valin þau Flora Stanciu, Ester Óskarsdóttir og Pétur Pálsson.

Eins og kunnugt er um allt land þá er sumarið hjá ÍBV Íþróttafélagi fjölbreytilegt og umfangsmikið.

Pæjumót TM var haldið að venju í júní mánuði. Mótið er auðvitað okkur til mikils sóma og skilar orðið ásættanlegum hagnaði en eins og kunnugt er var það álitamál fyrir nokkrum árum hvort bæri að leggja það niður eða ekki. Ákveðið var hins vegar að breyta fyrirkomulagi þess og reyna til þrautar í þrjú ár að koma fótunum undir mótið. Það hefur tekist með glæsibrag.

Shellmótið er auðvitað eitt af aðalsmerkjum íþróttamóta landsins og fyrir löngu viðurkennt sem stórkostlegasta knattspyrnumót drengja ár hvert. Það hefur í gegnum tíðina tekið nokkrum breytingum og hafa þær fallið í góðan jarðveg. Nú í ár eru tímamót en mótið í ár er hið þrítugasta í röðinni en fyrsta mótið var haldið árið 1984. Það er kannski ekki alveg svo langt síðan núverandi Shellmótsnefnd hóf störf en án efa eru fáar nefndir sem hafa dugað jafn vel og lengi og Shellmótsnefndin. Henni og Pæjumótsnefnd og öllum þeim sem koma að því mikla starfi sem felst í mótunum þakkar ÍBV Íþróttafélag kærlega fyrir.

Þjóðhátíðin er án efa glæsilegasta útihátíð landsins og væntanlega sú eina sem stendur sem slík undir nafni.
Hún er okkar mikilvægasta fjáröflun og félaginu mjög mikilvægt að vel takist til við framkvæmd hennar. Töluverðar fjárfestingar hafa verið hin síðari ár í því skyni að gera góða hátíð betri. Fjárfestingarnar íþyngja auðvitað rekstri ÍBV en til lengri tíma munu fjárfestingarnar spara tíma og fé.

Þá hafa talsverðar breytingar orðið á ýmsum þáttum hátíðarinnar hin síðari ár. Má þar helst nefna breytingar á forsölu, tengingar við ferðir og miða í Herjólfi í samráði við rekstraraðila skipsins og Vegagerðarinnar. Þessar breytingar hafa skilað mjög góðum árangri og t.a.m. varð sunnudagssalan á síðasta ári þrefalt hærri en best var áður. Þá hefur nýting Herjólfs orðið önnur og betri en var árið 2011. Þessar breytingar stuðla ekki síst að því að gera afkomu Þjóðhátíðarinnar öruggari fyrir ÍBV Íþróttafélag m.a. með tilliti til veðurs á hátíðinni.

Kostnaður við Þjóðhátíð er mjög mikill. Þar kemur ekki síst til auknar kröfur opinberra aðila s.s. vegna gæslu ofl.

Eyjastrákar á Shellmóti

Einnig kemur þar til auknar kröfur okkar sjálfra s.s. vegna þrifa, hreinsunar og t.a.m. vegna stórra skjáa við aðalsvið. Þannig má nefna að kostnaður vegna skemmtikrafta eins og fjárhagsáætlun Þjóðhátíðarinnar gerir ráð fyrir, er ekki nema um 25% af heildarkostnaði hátíðarinnar. Það er í raun ekki mikið hægt að hnika til föstum kostnaði þó ávallt eigi að halda honum í lágmarki. Kröfurnar eru það miklar og fastur kostnaður það hár að miða verður við það í öllum undirbúningi að ná til fjöldans og að straumurinn liggi til Eyja. Lítil og nett Þjóðhátíð er í raun ekki fjárhagslegur og raunhæfur möguleiki.

Nokkrar mannabreytingar urðu á Þjóðhátíðarnefndinni sl. ár. Með nokkrum tilþrifum tilkynntu þeir Páll Scheving og Tryggvi Már Sæmundsson að þeir myndu ekki sækjast eftir áframhaldandi setu í Þjóðhátíðarnefnd. Þá hvarf Birgir Guðjónsson einnig úr nefndinni, þó minna bæri á, eftir áratuga starf þar innandyra.

Þessir drengir hafa unnið frábært starf fyrir félagið og lagt grunn að hátíð sem nú er orðin okkar mikilvægasta fjáröflun en ekki er mjög langt síðan að því var velt upp innan félagsins hvort rétt væri að leggja hátíðina af. Þótt núverandi Þjóðhátíðarnefnd hafi óskað eftir tímabundnu liðsinni Páls Scheving þá tel ég engu að síður rétt að við gefum þessum drengjum hávært klapp fyrir farsæl og góð störf fyrir félagið í Þjóhátíðarnefnd ÍBV.

Fótboltinn rúllaði sem aldrei fyrr í sumar. Meistaraflokkar ÍBV léku báðir í efstu deild, Pepsideildinni.

Gengi kvennaliðsins var frábært sl. sumar og luku stúlkunar leik í 2. sæti Íslandsmótsins, virkilega vel af sér vikið. Í bikarnum fór liðið í 8 liða úrslit en mátti þola þar tap gegn Breiðablik í vítaspyrnukeppni. Kvennaráðið er vakandi og sofandi yfir rekstrinum með Jón Óla þjálfara og almugligtman í bílstjórasætinu.

Karlaliðið sigldi nokkuð örugglega með efri liðum og tryggði sér sæti í Evrópukeppni með því að lenda 3. sætinu í Pepsideildinni.

Þá fór liðið alla leið í undanúrslit í Borgunarbikarnum en mátti þola sárt tap gegn KR á heimavelli. Engu að síður glæsilegur árangur beggja liða. Þá má geta þess að karla og kvenna lið ÍBV urðu Íslandsmeistarar innanhúss á síðasta ári.

Fjárhagsleg staða knattspyrnu karla er óviðunandi og taka verður á því máli, knattspyrnunni og félaginu til heilla. Það mál verður án efa rætt vel og málefnalega á þessum fundi því nauðsyn ber til að sá rekstur sem er umfangsmikill standi á sterkum grunni og styrki sterkt félag.

Þá voru sumarlok ÍBV haldin með hefðbundnum hætti og árangursríku sumri fagnað. Knattspyrnufólk ársins var valið Abel Dhaira og Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir.

4. flokkur ÍBV

Barna – og unglingastarf félagsins er gríðarlega öflugt. Við fáum oft hrós fyrir það hversu vel við stöndum þar að verki ekki síst frá þeim sem flytja til Eyja og hafa samanburðinn. Við höfum lagt mikla áherslu á það að hafa góða og hæfa þjálfara og hefur það skilað okkur miklum árangri. Akademíurnar okkar tvær ganga báðar mjög vel og eru okkur og Vestmannaeyjabæ til mikils sóma.

Félagið á fjölmarga iðkendur í landsliðum. Mér var tjáð að það yrði alltof löng upptalning að telja alla íþróttamenn okkar sem tóku þátt í landsliðsverkefnum og æfingum. Einskorðum okkur því við val í landslið.

Í handknattleiknum voru þær Erla Sigmarsdóttir, Anna Þyrí Ólafsdóttir, Sóley Haraldsdóttir, Sandra Dís Sigurðardóttir og Díana Dögg Magnúsdóttir í u-16 ára landsliði. Þá léku þær Drífa Þorvaldsdóttir og Berglind Dúna Sigurðardóttir í u-17 ára landsliðinu. Hjá strákunum þá lék Dagur Arnarsson með u-16 ára landsliði og Theodór Sigurbjörnsson með u-21 ára landsliði.

Hjá knattspyrnunni léku þeir Kristinn Skæringur Sigurjónsson og Sigurður Grétar Benónýsson með u-17 ára landsliði. Þær Sóley Guðmundsdóttir, Sigríður Lára Garðarsdóttir og Svava Tara Ólafsdóttir léku með u-19 ára landsliði. Þórarinn Ingi Valdimarsson, Brynjar Gauti Guðjónsson og Guðmundur Þórarinsson léku allir með u-21 árs landsliði. Þá léku þau Þórarinn Ingi Valdimarsson og Elísa Viðarsdóttir með A landsliðum Íslands. Elísa Viðardóttir var jafnframt kjörinn Íþróttamaður Vestmannaeyja á síðasta ári.

Þessi upptalning sýnir svo ekki þarf um að villast að mjög vel er staðið að barna og unglingastarfi hjá félaginu.

Fjárhagsstaða félagsins

Fjárhagsstaða félagsins í heild sinni er slæm. Lausaskuldir hafa hækkað mikið á milli ára. Skýringar eru nokkrar á móti sem gert verður vel grein fyrir síðar á fundinum en nefna má að eignir hafa aukist nokkuð á móti. Engu að síður þá er staðan þannig að bregðast verður hart við á öllum vígstöðvum. Þegar hefur verið unnið vel að bættri stöðu. Þannig hafa viðræður á síðasta ári við Vestmannaeyjabæ skilað félaginu hærri árlegum samningum s.s. vegna valla, academia, gæðastarfs ofl. Nemur hækkunin á ársgrundvelli u.þ.b. 10 milljónum króna sem skilar sér væntanlega strax á næsta ári í bættri afkomu. Þá hafa einnig verið viðræður við Vestmannaeyjabæ um sérstaka aðkomu að fjármálum félagsins. Bærinn hefur tekið vel á móti okkur og er nú nefnd að skoða fjármál félagsins. Engu að síður þá er félaginu nauðsynlegt að taka á sínum innanbúðarmálum af festu og einurð.

Efnilegt handboltafólk. Bergvin Haraldsson, Drífa Þorvaldsdóttir, Hreiðar Örn Zoega og Svavar Kári Grétarsson. Bak við þau standa þeir Erlingur Richardsson fyrirmaður Akademíunnar og Sindri Ólafsson, formaður handknattleiksdeildar

Þá hefur stúka risið við Hásteinsvöll og var hún tekin í notkun á sl. ári. Vel fer um áhorfendur og strax má finna fyrir aukinni stemmingu á leikjum. Fyrirhugaðar eru áframhaldandi framkvæmdir við stúkuna.

Það er alveg óhætt að þakka Vestmannaeyjabæ fyrir góð samskipi á liðnu ári og ekki síst fyrir jákvæðum móttökum við endurnýjun fastra samninga og talsverðra hækkana á árlegum framlögum. Þá bindum við einnig miklar vonir við aðkomu bæjarins að félaginu vegna fjárhagsstöðu þess en slík vinna er í góðum gangi á milli þessara aðila.

Á síðasta ári var
Aðalstjórn ÍBV-íþróttafélags skipuð eftirfarandi einstaklingum.

Jóhann Pétursson formaður
Páll Magnússon,varaformaður
Þórunn Ingvarsdóttir ritari
Guðný Hrefna Einarsdóttir gjaldkeri
Stefán Örn Jónsson meðstjórnandi.

Varamenn
Páll Scheving Ingvarsson
Sigurbergur Ármannsson

Samskipti okkar hafa um ýmsilegt verið ágæt þó svo að samstaðan hafi ekki verið til staðar eins og vera skyldi sem gerð verður nánari grein fyrir síðar.

Ég vil þakka samstarfsfólki mínu í stjórninni fyrir öll þau góðu verk sem við unnum á liðnu starfsári.

Takk fyrir.

Jóhann Pétursson, formaður

Gunnar Karl Haraldsson, íþróttamaður æskunnar árið 2012